











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júní 2008 — 164. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Á vespu til Akureyrar

Jóhann Norðfjörð komst frá Reykjavík til Akureyrar fyrir litlar nítján hundruð krónur á vespunni sinni.



FÓLK 24

### Þolinmæði og þrjóska

Líney Halla Kristinsdóttir útskrifaðist með tvær háskólagráður.

TÍMAMÓT 18

### Vilja frelsi til að mála



Vegglistamenn eru óánægðir með að ný stefna borgarinnar geri ekki greinarmun á veggjakroti og veggjalist.

FÓLK 24



### Ítalir áfram

Frakkar og Rúmenar sátu eftir með sárt ennið í Dauðariðli EM.

ÍÞRÓTTIR 27

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI VEÐUR** Í dag verður norðaustan 3-10 m/s. Hætta á stöku skúrum norðaustan og austan til en yfirleitt þurrt. Hitinn verður á bilinu 6-12 stig en 4-6 stig fyrir norðan og austan.

VEÐUR 4



**AÐ LEIKSLOKUM** Þrátt fyrir góðan vilja yfirvalda og rúm fjárráð einkafyrirtækis til björgunaraðgerða var gesturinn loks skotinn á færi. Hann tilheyrði stofni sem er í útrýmingarhættu í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dýrið fellt á flótta

**Hvítabjörninn á Skagatá var felldur í gær þegar hann stefndi á haf út. Kostnaðarsamar björgunaraðgerðir báru ekki árangur. Óljóst hver ber kostnaðinn.**

**NÁTTÚRA** Ekki tókst að koma deyfilyfjum í hvítabjörninn á Skagatá í gær. Sérfræðingar komu frá Danmörku með deyfilyf og búr, en þeir komust aldrei í skotfæri.

Til að koma deyfilyfinu í björninn má færið ekki vera lengra en um þrjátíu metrar. „Þá vegalengd hleypur björninn á örfáum sekúndum,“ segir Bjarni Pálsson, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun. Farið var að dýrinu á tveimur bílum, en við það fældist það og lagði á flótta. Ekki var talið óhætt að missa dýrið á haf út og var það því fellt.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra fylgdist með aðgerðum á vettvangi. Hún harmaði endalok málsins mjög. Gaman hefði verið að flytja björninn til heimkynna sinna, en það hefur aldrei verið gert hér á landi.

Ekki eru allir á eitt sáttir með björgunartilraunirnar og kallar Ingólfur Jón Sveinsson bóndi á Lágmúla þær brjálæði. Þá segir Steinn Leó Rögnvaldsson, bóndi á Hrauni, það umhugsunarefni að átt hafi að þyrma lífi dýrs sem murki lífið úr öðrum dýrum. Björninn hafðist við í æðarvarpi við Hraun.

Ekki er ljóst hver mun greiða kostnaðinn, sem var umtalsverður, enda komu um fimmtíu manns að aðgerðinni. Björgólfur Thor Björgólfsson hafði boðist til að borga kostnað við að koma dýrinu til síns heima en Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður hans, segir löggæslukostnað ekki innifalinn í því boði.

Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra, segir björninn hafi verið máttfarinn og særður við framfætur. Óvíst sé hvort dýrið hefði lifað deyfingu og flutning af.

- kóp, jse, kóp / sjá síðu 8

Orkan freistar enn margra:

# Riverstone vill í orkuútrásina

**ORKUMÁL** Fyrirtækið, sem bauð Guðmundi Þóroddssyni, fyrrverandi forstjóra REI, að stjórna minnst 24 milljarða orkuútrásarfyrirtæki, er bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Riverstone, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Fulltrúar sjóðsins voru á landinu nýverið og ræddu meðal annars við forsætisráðherra og skoðuðu Hellisheiðarvirkjun.

Þá vinna nokkrir stórir hluthafar í Geysi Green nú að því að fá Ólaf Jóhann Ólafsson í frekari fjárfestingar og samstarf.

- kóþ, bih / Sjá Markaðinn

Dæmi eru um að góðir stóðhestar seljist á allt að fimmtíu milljónir króna:

# Hestar velta 14 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Árleg velta hestamennsku á Íslandi er um fjórtán milljarðar króna, að mati Haralds Þórarinssonar, formanns Landssambands hestamanna.

Formaðurinn telur fáa gera sér grein fyrir raunverulegu umfangi hestamennskunnar í hagkerfi landsins.

Útflutningur hesta, einn og sér, veltir í kringum sex hundruð milljónum árlega. Síðustu ár hafa verið seldir út allt að fimmtánhundruð hestar á ári.

Hestaverð rokkar frá nokkrum hundruðum þúsunda og upp í á annan tug milljóna króna.

Gunnar Arnarson, hrossaræktandi og útflytjandi, fullyrðir að í einstaka tilfelli geti stóðhestar selst á allt að fimmtíu milljónir króna.

Margs konar önnur viðskipti í kringum þessa íþrótt skila einnig aurum í budduna. Þannig er áætluð velta landsmóts hestamanna á Hellu, sem hefst í lok mánaðarins, á bilinu 120 til 150 milljónir króna.

- kóþ, bþa, as / sjá Markaðinn










## SPURNING DAGSINS



*Árni, voru þetta eintómir bjarnarbófar að verki fyrir norðan?*

„Nei, þetta voru löggur!“

Bjarndýrið særða var fellt á flóttanum, þegar átti að bjarga því til heimkynna sinna. Lögreglan á svæðinu taldi ekki óhætt að leyfa því að synda í sjónum. Árni Finnsson er formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Bændasamtökin vinna umsögn vegna fyrirhugaðs innflutnings á hráu kjöti:

# Skoða mögulegar undanþágur

**LANDBÚNAÐUR** Mögulegar undanþágur gætu komið að einhverju leyti í veg fyrir flæði hrás kjöts hingað til lands. Þær eru meðal þess sem verður skoðað sérstaklega í umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp um innleiðingu á matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

„Við erum ekki stuðningsmenn þess að flytja inn hrátt kjöt,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands. „Þetta snertir hag bænda að verulegu leyti og við verðum að gefa umsögn sem eitthvert bit er í.“

Frumvarp landbúnaðarráðherra var ekki samþykkt á vorþingi. Bændasamtökin munu nota tímann þar til þing kemur saman á ný til að vinna ítarlega umsögn um frumvarpið, segir Haraldur.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAUÐFÉ** Bændasamtökin vilja skerpa á ákvæðum um að hrátt kjöt verði ekki flutt inn frá löndum þar sem heilbrigðisástandið er verra en hér á landi.

Samtökin munu ekki berjast gegn frumvarpinu í heild. Þar eru þó ákvæði sem samtökin geta illa stutt og önnur þar sem þau vilja jafnvel ganga lengra en áformað er, segir Haraldur.

„Við reiknum ekki með að frumvarpinu verði kollvarpað í haust, heldur verði skerpt á ákveðnum atriðum,“ segir Haraldur.

Meðal þess sem samtökin vilja skerpa á er að tryggt verði að kjöt og mjólkurvörur verði ekki flutt inn frá löndum þar sem heilbrigðisástandið er verra en hér á landi. - bj

Evrópusambandið:

# Vilja aðstoða veiðimenn

**BRUSSEL, AP Joe Borg, yfirmaður sjávarútvegsmála hjá Evrópusambandinu, hefur lagt fram tillögur um aðstoð til veiðimanna sem hætta veiðum eða endurnýja vélabúnað skipa til að bæta eldsneytisnýtingu. Tillögurnar eiga að koma til móts við kröfur um aðgerðir vegna hækkandi olíuverðs, en jafnframt að draga úr ofveiði á miðum Evrópusambandslanda.**

**Tillögurnar eru lagðar fram að kröfu sjö Suður-Evrópulanda. Líklegt er að þær muni ekki uppfylla óskir margra veiðimanna sem hafa krafist lækkana á eldsneytisgjöldum.** - gh



**OLÍUTANKUR** Flutningamönnum tókst að bjarga málunum.

Vestmannaeyjar:

# Olíutankur valt

**SLYS Tuttugu tonna olíutankur rann af flutningavagni í Vestmannaeyjum í gær þegar dekk á vagninum sprakk. Tankurinn hóf að velta til hægri og vinstri þar til festingarnar slitnuðu og hann rann fram af vagninum.**

**Verið var að flytja tankinn frá Fesinu að olíutönkunum á Eiðinu. Hann er nú kominn á sinn stað. Ekki urðu skemmdir á honum.** - gh

Fimmtíu og einn lét lífið:

# Mannskæð bílsprengja í Írak

**ÍRAK** Að minnsta kosti 51 lét lífið og 75 slösuðust þegar bílsprengja sprakk í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Tilræðið er hið mannskæðasta í Írak í marga mánuði.

Árásin átti sér stað nærri strætisvagnastöð og útimarkaði. Talið er að hryðjuverkasamtökin al-Kaída standi að baki hermdarverkunum. Fréttastofa CNN greindi frá þessu. - gh

# Þingmaður telur 725 nefndir fullmikið

**Nefndir á vegum ráðuneyta eru nú 725 talsins en voru 603 árið 2005. Aðstoðarmaður forsætisráðherra segir það að skipa málum í nefnd hafa gefist vel. Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður segir fækkun nefnda verðugt verkefni.**

**STJÓRNSÝSLA** Virkar nefndir á vegum ráðuneyta eru í dag 725 talsins en voru 603 árið 2005. Þá eru ótaldar nefndir á vegum sveitarfélaga. Á vegum menntamálaráðuneytisins eru flestar nefndir starfandi eða 270 talsins.

„Það er ekki verið að skipa nefndir að gamni sínu. Við skipum ekki nefndir nema það sé skýrt tilefni til þess,“ segir Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins.

Hann segir það heyra til undantekninga í menntamálaráðuneytinu að nefndarmenn í verkefnanefndum fái greitt fyrir störf sín.

Gréta Ingþórsdóttir aðstoðarmaður forsætisráðherra tekur í sama streng. „Það hefur gefist vel að fara þessa leið,“ segir Gréta.

Hún segir ósköp eðlilegt að ráðherrar leiti til fólks með sérþekkingu á ákveðnum sviðum til þess að vinna að erfiðum málefnum.

Sigurður Kári Kristjánsson segir hins vegar að nefndum þurfi að fækka. „Það er verðugt verkefni að fækka nefndunum og reyna að sameina verksvið þeirra,“ segir Sigurður Kári.

„Eflaust eru mikilvæg verkefni sem margar nefndir hafa með höndum en það hlýtur að vera erfiðara fyrir ráðuneytin að hafa yfirsýn yfir svona margar nefndir.“

Hann segir að hægt sé að sameina allar fastar úrskurðarnefndir stjórnsýslunnar sem séu ansi margar.

„Stjórnsýslan myndi liðkast við að sameina allar úrskurðarnefndirnar undir einn hatt sem gæti þá verið einhvers konar stjórnsýsludómstóll.“

Sigurður Kári segir þessa leið fækka nefndum, tryggja meiri einsleitni og aukið samræmi í málsmeðferð innan stjórnsýslunnar. „Því færri nefndir því betra stjórnarfar.“ Þetta segir Sigurður Líndal lagaprófessor.



**HESTAR** Starfshópur sér um að þá klæi ekki undan sumarexemi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NOKKRAR NEFNDIR

- Verkefnisstjórn átaks um sumarexem í hrossum.
- Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki.
- Nefnd sem á að gera úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót.
- Starfshópur sem falið er að leggja mat á tillögur starfshóps menntamálaráðherra um listaverkafalsanir.
- Nefnd um markaðssetningu íslenska hestsins erlendis.
- Nefnd um umsjón aðgerða vegna rekstrarvanda loðdýraræktarinnar
- Starfshópur til að kanna þörf undirstofnana ráðuneytisins á geymslurými.

> Einu sinni var sett nefnd til að telja nefndir og hún komst að þeirri niðurstöðu að þær væru óteljandi.
>
> **SIGURÐUR LÍNDAL**
> LAGAPRÓFESSOR

Hann segir að þekkt sé að nefndir vinni hægt og oft sé betra að skipa einn mann til að vinna ákveðna vinnu og hafa einn til tvo honum til halds og trausts ef með þarf. „Einu sinni var sett nefnd til að telja nefndir og hún komst að þeirri niðurstöðu að þær væru óteljandi,“ sagði Sigurður Líndal að lokum.

Upplýsingar um nefndir á vegum ráðuneytanna er hægt að nálgast á vefsíðum hvers ráðuneytis fyrir sig.

vidirp@frettabladid.is

Gáfu sjúkum lyf í góðri trú:

# Mál yfirlæknisins til lögreglu

**HEILBRIGÐISMÁL** Máli Magnúsar Skúlasonar, fyrrverandi yfirlæknis á Sogni, hefur verið vísað til lögreglu.

Magnús hafði látið ávísa ávanabindandi lyfjum á menn án þeirra vitundar og án þess að þau kæmust í réttar hendur.

Þrír aðrir læknar skrifuðu út lyfin fyrir Magnús eftir að hann var sviptur leyfi til þess í fyrra.

„Þeir skrifuðu lyfin út í góðri trú, til skamms tíma, meðan fólk væri að finna sér annan lækni,“ segir Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir.

Þó hafi ekki verið rétt að farið. Læknunum hefur nú verið gerð grein fyrir því og þeir lausir allra mála. - ht



**FINNBOGASTAÐIR** Guðmundur missti allt sitt í brunanum. MYND/HRAFN JÖKULSSON

Bruninn að Finnbogastöðum:

# Fjársöfnun hafin vegna bruna

**SLYS** Félag Árneshreppsbúa hefur hafið fjársöfnun vegna brunans að Finnbogastöðum í Trékyllisvík á mánudag. Guðmundur Þorsteinsson bóndi missti allt sitt í brunanum, fyrir utan fötin sem hann var í og heimilisköttinn.

Þeir sem vilja leggja Guðmundi lið geta lagt inn á reikning 1161-26-001050, kennitala 451089-2509. Nánari upplýsingar eru á síðunni trekyllisvik.blog.is. - kóp

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is




ÍSLENSKA SIA.IS FLU 41684 04.2008

Ísraelsmenn sagðir hafa samið um frið við Hamas-samtökin:

# Gerðu árás í friðarviðræðum

**PALESTÍNA** Ríkisútvarp Egyptalands greindi frá því í gær að Hamas-samtökin hefðu náð samningum um vopnahlé við Ísraelsmenn.

Skömmu eftir að greint var frá þessu gerðu Ísraelsmenn loftárás í suðurhluta Gaza-svæðisins, nánar tiltekið í Khan Younis-bæ.

Flugvél sprengdi þar í loft upp bifreið og létust allir fimm farþegarnir samstundis. Vopnahléið á enda ekki að hefjast fyrr en á fimmtudaginn.

Talsmaður Hamas sagði að þótt Ísraelsmenn virtust með þessu vilja setja friðarviðræðurnar út af sporinu, myndu samtökin vinna áfram í átt til friðar.

Ísraelsmenn staðfestu árásina og sögðust hafa fellt „hryðjuverka-aðgerðarsinna“. Þeir vildu hins vegar ekki staðfesta að þeir hefðu samið við Hamas, en sögðu samningamann á leiðinni til Kaíró.

„Athafnir skipta meira máli en loforð,“ sagði Mark Regev, talsmaður ríkisstjórnarinnar. „Ef það verða engar árásir gerðar á Ísrael frá Gaza, ef þeir hætta með öllu að safna að sér vopnum og ef eitthvað gerist með gíslinn Gilad Shalit. Þá verður sannarlega breytt staða,“ sagði hann. - kóþ



**AÐ LOKINNI ÁRÁS** Ísraelsmenn gerðu tvær árásir á Gaza-svæðið í gær og vógu fimm menn og særðu tvo til viðbótar. Um svipað leyti sendu þeir erindreka til Kaíró til að ganga frá friðarsamningum. NORDICPHOTOS/AFP





# Lykillinn að góðri framtíð

*Lykillinn* er ný og byltingarkennd þjónusta sem Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum. Með *Lyklinum* getur þú skyggnst inn í framtíðina og áætlað eftirlaun og áfallalífeyri í hlutfalli við laun. Þú getur líka séð upplýsingar um núverandi stöðu þína á myndrænan og skýran hátt og fengið ráðleggingar frá okkur um hvað þú þarft að gera til þess að eiga góða fjárhagslega framtíð.

Sjóðfélagar fá sendan USB-lykil með kynningarmyndbandi, notandanafni og lykilorði sem þeir geta notað til þess að skrá sig inn á *Lykilinn*.

Kynntu þér málið á www.almenni.is eða í síma 440 4900

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

## GENGIÐ 16.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,78 | 79,16 |
| Sterlingspund | 154,52 | 155,28 |
| Evra | 121,8 | 122,48 |
| Dönsk króna | 16,328 | 16,424 |
| Norsk króna | 15,193 | 15,283 |
| Sænsk króna | 13,018 | 13,094 |
| Japanskt jen | 0,7273 | 0,7315 |
| SDR | 127,01 | 127,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 157,2632

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sveitarfélagið Ölfus ætlar að kæra úrskurð Heilbrigðisnefndar Suðurlands:

# Þurrka fisk í skrifstofuhúsnæði

**UMHVERFISMÁL** Lögmanni sveitarfélagsins Ölfuss hefur verið falið að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands vegna veitingar starfsleyfis fiskþurrkunar Lýsis í Þorlákshöfn til tólf ára.

„Ef þetta er túlkun heilbrigðisnefndarinnar er mikill meiningarmunur milli hennar og túlkunar umhverfisráðuneytisins á úrskurði ráðherra frá í desember,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, sem nýlega átti fund með umhverfisráðherra vegna málsins.

Torfi Ragnar Sigurðsson, lögmaður sveitarfélagsins, segir umhverfisráðherra úrskurðaraðila í málinu og þangað verði málið kært



**FISKÞURRKUN LÝSIS Í ÞORLÁKSHÖFN** Bæjarstjórn Ölfuss hefur falið lögmanni sínum að leita rökstuðnings fyrir starfsleyfi fiskþurrkunar Lýsis. MYND/GKS

að fengnum rökstuðningi.

Skipulagsnefnd og bæjarstjórn Ölfuss funduðu um málið á föstudag. Að sögn Ólafs Áka var ákveðið að fela byggingafulltrúa og lögmanni sveitarfélagsins að loka þeim byggingum Lýsis þar sem önnur starfsemi fer fram en upp er gefin. Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingafulltrúi í Ölfusi, segir að samkvæmt upplýsingalögum verði ákvörðunin kynnt Lýsi með bréfi en fyrirtækið hafi rétt til andmæla. Síðan sé spurning hvort beitt verði dagsektum eða eitthvað annað gert.

Um tvö hús er að ræða og segir Sigurður að í öðru þeirra hafi átt að vera skrifstofur og kaffistofa en þar fari fram þurrkun á fiski. Þar sé enginn hreinsibúnaður. Hitt húsið hýsti áður lýsisperlupökkun. „Við skoðum mannvirkin í heild sinni og hvort búið er að breyta einhverju frá samþykktum teikningum,“ segir Sigurður. - ovd

Ein með öllu á Akureyri:

# Óvíst hvort af hátíð verður

**AKUREYRI Óvíst er hvort hátíðin Ein með öllu verður haldin á Akureyri um verslunarmannahelgina í ár.**

**„Við bíðum eftir svörum frá forsvarsmönnum tjaldstæðanna um aldurstakmörk,“ segir Guðmundur Karl Tryggvason, einn Vina Akureyrar, sem vilja standa að hátíðinni í samstarfi við Akureyrarstofu.**

**Guðmundur segist vonast til að það skýrist strax eftir helgi hvort af hátíðinni verður. Þá mun Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri funda um hátíðina síðar í vikunni.** - ht

Norska lögreglan í vanda:

# Þarf 2.700 nýja lögreglumenn

**NOREGUR Ef norska lögreglan fær ekki fjárveitingu til að ráða lögreglumenn í 2.700 nýjar stöður fyrir árið 2020 stendur lögreglan frammi fyrir miklum vanda. Til að geta ráðið alla þessa lögreglumenn þarf norska lögreglan auknar fjárveitingar upp á 3,5 milljarða króna eða tæplega 60 milljarða íslenskra króna, að sögn VG.**

**Ingelin Killengreen lögreglustjóri lagði á mánudag fram skýrsluna Lögreglan fram til 2020. Í henni kemur fram að Norðmönnum muni fjölga verulega næstu árin. Ef lögreglan fær ekki aukna fjárveitingu verður að flytja fjármagn á þá staði þar sem mannfjölgunin er mest og veikja lögregluna á þeim stöðum þar sem fjölgunin er minni.** - ghs

Þórarinn Eldjárn rithöfundur:

# Leggst vel í mig og er besta mál

**VIÐURKENNING** Þórarinn Eldjárn rithöfundur var í gær útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur 2008. Útnefning borgarlistamanns er heiðursviðurkenning til handa reykvískum listamanni. Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur útnefnir borgarlistamann 17. júní ár hvert.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN**

Þórarinn var að vonum ánægður með útnefninguna: „Þetta leggst mjög vel í mig og er hið besta mál,“ segir hann og bætir við að hann voni að hann geti staðið undir þeim væntingum sem þetti leggi á hann. - gh

# Spánarsnigill barst með arni og sækir á

**Búist er við uppsveiflu í fjölda Spánarsniglanna illræmdu í sumar. Þrír hafa þegar fundist á Ólafsfirði. Þangað hefur snigillinn líklega borist með arni sem keyptur var frá Spáni. Hann finnst nú árlega þar, svo og á höfuðborgarsvæðinu.**

**DÝRALÍF** Þrír Spánarsniglar hafa fundist í einum og sama garðinum á Ólafsfirði það sem af er sumri, að sögn Erlings Ólafssonar skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Talið er líklegt að snigillinn hafi borist með arni sem fluttur var frá Spáni á sólpall við þennan tiltekna garð. Arinninn kom í mars 2003 í upprunalegum umbúðum sem voru teknar af gripnum á verandarpallinum þar sem snigillinn fannst. Við pallinn er svo upphituð stétt. Þetta gæti hugsanlega verið skýringin, að því er Erling segir, á því að Spánarsnigillinn hefur haslað sér völl á Ólafsfirði.

„Snigillinn fannst í fyrsta sinn í garðinum árið eftir, það er 2004, og hefur fundist á hverju ári síðan,“ segir Erling. „Þá hefur hann einnig fundist í tveimur eða þremur aðliggjandi görðum, þannig að hann virðist lifa af veturinn þarna fyrir norðan, sem er merkilegt.“

Spánarsnigillinn hefur fundist nokkuð víða á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári frá 2003, í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ. Hingað til hefur hann ekki fundist á því svæði fyrr en eftir mitt sumar. Vísbendingar um tíðni Spánarsniglanna á síðasta ári þykja benda til þess að þeir séu farnir að fjölga sér á höfuðborgarsvæðinu.

„Það er þannig, að þegar eitthvað nýtt bætist við í flóruna þá þarf það nokkurn tíma til að róta sig,“ segir Erling. „Þótt sniglarnir sem fundist hafa séu ekki margir þá hafa þeir verið dreifðir. Í fyrra fundust þó fleiri heldur en nokkru sinni fyrr. Ég á von á uppsveiflu í ár, þar sem snjór var í vetur sem er hagstætt fyrir þá, því hann hlífir lífríkinu sem undir er.“

Erling segir það ekki nóg að fá tilkynningu frá fólki um að snigill hafi sést á tilteknum stað. Helst vilji hann fá þá senda á Náttúrufræðistofnun eða þá skýra ljósmynd af þeim. Alltaf geti verið hætta á að fólk rugli saman Spánarsnigli og öðrum sniglategundum. Því sé nauðsynlegt að fá staðfesta frásögn af fundi Spánarsnigla, svo hægt sé að kortleggja fjölda þeirra og staðsetningu.

Í nágrannalöndunum, þar sem snigillinn hefur náð útbreiðslu og engum gróðri eirt, hafa enn ekki fundist aðferðir né efni til að vinna á honum og stöðva útbreiðslu hans. jss@frettabladid.is



**SPÁNARSNIGILL** Spánarsnigillinn er tvíkynja og getur eitt dýr því fjölgað sér. Hann er skaðræðiskvikindi sem engum gróðri eirir. Enn hafa engin úrræði fundist til að hefta útbreiðslu hans og eyða honum.



**ERLING ÓLAFSSON** Vill helst fá Spánarsnigla senda eða þá skýra ljósmynd af þeim. Slíkt sé nauðsynlegt svo kortleggja megi fjölda þeirra og staðsetningu.



**OBAMA** Biðlar til verkamanna.

Barack Obama:

# Leitar til verkalýðshreyfinga

**WASHINGTON, AP** Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins í Bandaríkjunum, leitast nú við að sameina bandarísku verkalýðshreyfinguna að baki sér. Hann á fund með leiðtogum AFL-CIO, stærstu verkalýðssamtökum Bandaríkjanna, á morgun. Gert er ráð fyrir því að samtökin lýsi yfir stuðningi við Obama á næstunni.

Stuðningur verkalýðshreyfingarinnar er mikilvægur Obama til að afla fylgis verkamanna sem höfðu frekar hallast að Hillary Clinton, í nýafstöðnum forkosningum. - gh

Fætur reka á fjörur Kanada:

# Fimmti fóturinn fundinn

**LÖGREGLUMÁL Vinstri fótur manns hefur fundist við fjörur kanadísku borgarinnar Vancouver. Þetta er fimmti fóturinn sem finnst á þessum slóðum síðastliðið ár, en hinir fæturnir voru allir hægri fætur. Fréttastofa BBC greinir frá þessu.**

**Ekki er vitað hvaðan fæturnir koma, né hvort tengsl séu á milli fótanna fimm. Ýmsar tilgátur hafa þó komið fram um uppruna fótanna, til dæmis að missirinn tengist skipulagðri glæpastarfsemi, bátaslysum eða jafnvel flóðbylgjunni í Asíu 2004. Ekki er óeðlilegt að líkamspartar skiljist frá líki sem legið hefur lengi í vatni, að sögn sérfræðinga.** - gh






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**FREMUR MILT**
Áframhaldandi bjartviðri suðvestan og vestan til en búast má við lítilsháttar vætu norðaustan og austan til. Kólnandi veður næstu daga og hætta á næturfrosti fyrir norðan og á hálendinu. Hlýnar aftur með föstudeginum.



**Á MORGUN**
Hægar norðlægar áttir, víða 4-6 m/s.

**FÖSTUDAGUR**
Hæg austlæg átt, síðdegisskúrir suðvestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 17° |
| London | 17° |
| París | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Berlín | 25° |
| Alicante | 25° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 23° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 22° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




30%
afsláttur
af Chiro Collection rúmum
í júní

## Chiro Collection heilsurúm



Ný hönnun
Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

Þú þarft aldrei að snúa henni
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

Bakstuðningsdýnan
- Þægilegur svefn.
- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Veitir slökun.
- Stuðningur við bak.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

**KJÖRKASSINN**



*Á að taka upp strandsiglingar að nýju?*

| | |
|---|---|
| Já | 90,6% |
| Nei | 9,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga skattborgarar að greiða niður orkufreka stóriðju?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Ellefu hlutu riddarakrossinn á Bessastöðum í gær:

# Lista- og vísindafólk áberandi

**FÁLKAORÐAN** Ellefu Íslendingar voru sæmdir riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Að þessu sinni voru fjórir listamenn á meðal orðuhafa og fjórir vísindamenn.

Ólafur Gaukur Þórhallsson tónlistarmaður hlaut riddarakrossinn fyrir störf á vettvangi tónlistar- og tónsmíða. Ólafur segir viðurkenninguna vera uppörvun.

„Þetta getur örvað mann til dáða. Þetta var ljómandi fín athöfn, alþýðleg og kreddulaus og alveg við mitt hæfi,“ segir Ólafur.

Hann segist ekki hafa búist við veitingunni. „Ég veit nú ekki fyrir hvað það ætti að vera. Sumum finnst þetta eitthvað skrítið en ég virði þetta fyrir það sem það er.“ - kóp



**RIDDARAKROSSHAFAR** Ellefu Íslendingar hlutu riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu í gær. Veitt var fyrir rannsóknir, listir, verslunarstörf og ýmislegt fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ORÐUHAFAR**

**Árný Erla Sveinbjörnsdóttir**
rannsóknarprófessor, Reykjavík.
**Grétar Már Sigurðsson**
ráðuneytisstjóri, Kópavogi.
**Haraldur Helgason**
verslunarmaður, Akureyri.
**Helgi Björnsson**
rannsóknarprófessor, Reykjavík.
**Kjartan Sveinsson,**
tónlistarmaður, Reykjavík.
**Ólafur Gaukur Þórhallsson**
tónlistarmaður, Reykjavík.
**Sigríður Ragnarsdóttir**
skólastjóri, Ísafirði.
**Svafa Grönfeldt**
rektor, Reykjavík.
**Þorsteinn Bergsson**
framkvæmdastjóri, Reykjavík.
**Þuríður Rúrí Fannberg**
myndlistarmaður, Reykjavík.

Reykjanesbær:

## Átak gegn hraðakstri

**UMFERÐ** Reykjanesbær og lögreglan á Suðurnesjum hafa hafið átak gegn hraðakstri í íbúðarhverfum. Átakið stendur fram eftir sumri.

Lögreglan verður með hraðamælingar í völdum hverfum. Sérstaklega verður fylgst með götum þar sem hámarkshraði er þrjátíu kílómetrar á klukkustund og þar sem mikið hefur verið um hraðakstur eða slys.

Viðurlög við hraðakstri eru sektir og ökuleyfissvipting. - gh



**STRÆTÓ** Í könnuninni var kvartað undan biðskýlum og sóðaskap í vögnunum.

Ný þjónustukönnun:

## Strætó bs. fær ágætiseinkunn

**SAMGÖNGUR** Strætó fær ágætiseinkunn í nýrri þjónustukönnun sem fyrirtækið lét gera. Mældist viðhorf farþega til þess nokkuð betra en að meðaltali í sambærilegum könnunum.

Kvartað var undan biðskýlunum og undan sóðaskap í vögnunum sjálfum. Þó voru 59 prósent farþega ánægð með þrif í vögnum. Þriðja algengasta umkvörtunarefnið var óstundvísi, en dæmi eru um að vagnar hafi komið allt að tuttugu mínútum of seint. - kóþ

# Smá ríki sitji ekki hjá í alþjóðakerfinu

**Á ráðstefnu í Háskóla Íslands um möguleika lítilla ríkja til áhrifa í alþjóðakerfinu komst utanríkisráðherra að þeirri niðurstöðu að fyrir ríki eins og Ísland væri „hjáseta“ ábyrgðar- og árangurslaus stefna. Minnimáttarkennd væri ástæðulaus.**

**UTANRÍKISMÁL** „Utanríkisstefna 21. aldar verður ekki byggð á hjásetu eða sérhagsmunum. Slík stefna er ekki einungis ábyrgðarlaus – hún er árangurslaus.“ Þessu lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra yfir í ávarpi á ráðstefnu í Háskóla Íslands sem rak smiðshöggið á háskólafundaröð um alþjóðamál sem haldin var í vetur í samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskólanna í landinu.

Ávarpi sínu lauk Ingibjörg á þessum orðum: „Saga Íslands í gegnum aldirnar kennir okkur þá staðreynd að landið, atvinnulíf þess og menning hefur blómgast best þegar samskipti og samvinna við útlönd eru mest. Aldrei fyrr hafa þessi sannindi verið jafn skýr og augljós og nú. Með virkri utanríkisstefnu í öllum málaflokkum byggðri á styrkleika Íslands nýtum við tækifærin og stöndumst ágjöf hver sem hún er. Tökum þeirri áskorun fagnandi.“

Í pallborðsumræðum með þátttöku fulltrúa allra þingflokka kom fram mismunandi mat á þessum orðum ráðherrans. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sagði til að mynda að hann áliti ekki „hjásetu“ eða „einangrunarstefnu“ felast í því að vilja halda Íslandi utan Evrópusambandsins.




**PEPP** Elisabeth Rehn, fyrrverandi varnarmálaráðherra Finnlands og núverandi aðstoðarframkvæmdastjóri SÞ, í pontu á ráðstefnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í alþjóðlegan síðari hluta ráðstefnunnar, þar sem fyrirlesarar víða að úr heiminum lögðu sitt af mörkum til umræðu um möguleika lítilla ríkja til áhrifa í alþjóðakerfinu, rak Ingibjörg síðan botninn með því að lýsa því yfir að áhrif smárra ríkja „takmörkuðust aðeins af eigin gerðum þeirra, metnaði og sýn“. Engin ástæða sé til að „nálgast verkefnin sem við stöndum núna frammi fyrir með nokkurri minnimáttarkennd. Rétt blanda sjálfstrausts, sannfæringar og raunsæis skilar bestum árangri.“

Þessi orð lét hún falla í tengslum við röksemdafærslu fyrir því að Ísland eigi fullt erindi í að sækjast eftir setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þau kölluðust á við ályktanir sem Kevin Casas, fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn Kostaríka, dró í erindi sínu af reynslu þess herlausa ríkis af setu í öryggisráðinu. Það á nú sæti í því í þriðja sinn á 34 árum.

audunn@frettabladid.is



**NORÐAN HEIMAEYJAR** Björgunarbáturinn Þór sigldi til móts við skútuna. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Stormviðri við Vestmannaeyjar:

## Skútan Lena í kröppum dansi

**SIGLINGAR Skútan Lena frá Haganesi í Suður-Svíþjóð komst í hann krappan þegar stormur reið yfir við Vestmannaeyjar í fyrradag. Skútunni var stefnt til Reykjavíkur en sneri aftur til Vestmannaeyja vegna stormviðvörunar, en stormurinn kom fyrr en áætlað var.**

**Björgunarbáturinn Þór var sendur til móts við skútuna í fyrrakvöld þegar hún var stödd norðan vi ð Heimaey. Skipverjum tókst þó sjálfum að koma skútunni í land, en björgunarbáturinn fylgdi þeim eftir til öryggis.** - gh

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Teknir á fíkniefnum

Lögreglan á Selfossi handtók í fyrrinótt tvo menn sem óku undir áhrifum fíkniefna. Þeir verða sektaðir og sviptir ökuleyfi þegar niðurstaða blóðprufu liggur fyrir.

### Líkamsárásir á Akureyri

Lögreglan á Akureyri fékk í fyrrakvöld þrjár tilkynningar um líkamsárásir. Maður sem hafði ógnað öðrum manni með hníf var fluttur á lögreglustöð. Þá var nokkuð um skemmdarverk og ölvunarakstur.


**XT 660R**
**Kjölur, Sprengisandur, Aðalstræti**
Ný Yamaha-verð á www.motormax.is
Verð nú **960.000 kr.**
**15.643 kr.** á mánuði m.v. 30% útborgun og 60 mán. lán:
YAMAHA



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
MotorMax - lífið er leikur
**Mótormax Reykjavík** - Klettháls 13 - Sími 563-4400
**Mótormax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070
**Mótormax Akureyri** - Sími 460-6060


Reykjavík radíó tók til starfa fyrir níutíu árum:

# Bylting í öryggi sjómanna

**FJARSKIPTI** Loftskeytastöðin í Reykjavík tók til starfa hinn 17. júní árið 1918 og varð því níutíu ára í gær. Nú er stöðin hluti af Vaktstöð siglinga hjá Landhelgisgæslu Íslands.

Loftskeytastöðin, sem nefnd var Reykjavík radíó, var til húsa á Melunum, en í því húsi er Fjarskiptasafnið um þessar mundir. Reistar voru tvær 77 metra háar loftskeytastangir við húsið, en í fyrstu fóru öll samskipti fram með morsi. Talfjarskipti hófust ekki fyrr en árið 1930.

Upphaflega var loftskeytastöðin hugsuð sem varasamband til útlanda ef sæsíminn brygðist en fljótlega varð aðalhlutverk hennar þjónusta við skip og báta, enda var hún bylting í öryggismálum sjómanna. Fyrsta íslenska skipið fékk loftskeytatæki árið 1920, en það var Egill Skallagrímsson. Tveimur árum síðar var fyrsti loftskeytamaðurinn ráðinn á íslenskt skip.

Segja má að Loftskeytastöðin sé elsta eining Landhelgisgæslunnar. Í framhaldi af byggingu hennar var strandstöðvum komið upp í kringum landið og tók stöðin í Gufunesi til starfa árið 1935. Bætti þetta öryggi til sjós til muna.

Á árunum 2004 og 2005 var svörun fyrir strandstöðvarnar flutt til Vaktstöðvar siglinga og er hún nú til húsa í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. - kóp



**ENN AÐ** Starfsemi Reykjavíkur radíós er nú komin undir hatt Vaktstöðvar siglinga. Harald Holsvik og Bergþór Atlason á vakt. MYND/SRS




## Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds

- Við setjum upp kerfi heima hjá þér og þú prófar í 2 mánuði, engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörun og vatnsviðvörun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, gríptu tækifærið núna.
- Í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

**Pantaðu núna á**
**www.oryggi.is**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

**Hringdu í 570 2400 og fáðu öryggi í áskrift**

## ANNAR ÍSBJÖRN Í SKAGAFIRÐI

Ingólfur Jón Sveinsson bóndi:

## Brjálæði að reyna björgun

Skiptar skoðanir eru um aðgerðirnar í Skagafirði til að reyna að koma hvítabirninum til bjargar. Ingólfur Jón Sveinsson, sem býr á Lágmúla skammt frá Hrauni, sagðist ekki par hrifinn.

„Ég var að koma frá Kanada og þegar ég sagði mönnum þar hvað væri að gerast spurðu þeir mig hvort við værum ruglaðir að ætla að reyna að flytja dýrið; sjálfir myndu þeir bara skjóta það nærri mannabyggðum.“

„Svo hefur hann verið í varpinu, sem þýðir það að ekki verður þar hreiður næstu árin,“ segir Ingólfur.

- jse

Flug yfir ísbirninum:

## Líklega kært fyrir lágflugið

**Að öllum líkindum verður flugmaður sem braut lágflugsbann yfir ísbjarnarslóðum kærður. Brotið gæti valdið sviptingu flugleyfis.**

**Stefán Vagn Stefánsson yfirlögregluþjónn segir að bannið hafi verið brotið. „Við settum bannið í samvinnu við flugmálastjórn til að varna því að styggð kæmi að birninum. Við munum skoða þetta mál og mér sýnist flugmaðurinn munu verða kærður,“ segir Stefán.**

**Bannið var sett eftir að flugvél flaug lágt yfir björninn á mánudagskvöld.**

- kóp



**ÓFEIGUR ÍSBJARNARHRÆÐA** Ófeigur hefur vaktað Steingrímsfjörðinn fyrir ísbjörnum með góðum árangri.
MYND/JÓN JÓNSSON

Strandamenn verjast björnum:

## Ísbjarnahræður á Ströndum

Ísbirnir hafa sótt til landsins frá því áður en það byggðist og landsmenn komið sér upp ýmsum vörnum gegn þeim. Á Ströndum luma menn á ýmsum ráðum.

Á vefnum strandir.is segir að ef ísbjörn elti mann skuli maður klæða sig úr öðrum úthverfum fingravettlingnum á hlaupunum og kasta aftur fyrir sig. Undantekningalaust setjist björninn niður og snúi vettlingunum við.

Víða á Ströndum hefur verið komið upp ísbjarnarhræðum og er fullyrt að þær hafi borið árangur því síðustu tuttugu ár hafi ísbirnir stigið á land hinum megin Húnaflóans.

- kóp

Náttúruverndarsamtökin:

## Mikil vonbrigði fyrir okkur öll

**„Þetta eru mikil vonbrigði fyrir okkur öll,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.**

**„Mér sýnist að stjórnvöld hafi vaknað upp vegna neikvæðra viðbragða erlendis eftir að fyrra dýrið var drepið. Þau voru því betur viðbúin en síðast,“ segir hann.**

**Erfitt sé að meta aðgerðirnar úr fjarska og þörfina á því að fella dýrið.**

**„En mér sýnist að frekar mikið hafi verið gert til að bjarga honum. Eins og danski sérfræðingurinn benti á í sjónvarpinu var þetta ekki einfalt verkefni,“ segir Árni.**

- kóþ



**BJÖRNINN FALLINN** Björgunarsveitarmenn virða ísbjörninn fyrir sér. Um fimmtíu manns unnu ötullega að björgunaraðgerðum á Skagatá en því miður fór svo að fella þurfti skepnuna. Aldur og kyn björnsins lá ekki fyrir í gærkvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvítabjörninn var felldur í eltingaleik

**Tilraunir til að fanga ísbjörninn á Skagatá lifandi fóru út um þúfur um kvöldmatarleytið í gær. Umhverfisráðherra fylgdist með aðgerðum á vettvangi og harmaði mjög málalok. Um fimmtíu manns unnu að björgunaraðgerðum.**

Hvítabjörninn sem gekk á land á Skagatá í fyrradag var felldur þar skammt hjá um kvöldmatarleytið í gær.

Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra, segir að reynt hafi verið eftir fremsta megni að svæfa hann en án árangurs.

Skytta frá Danmörku kom á vettvang síðdegis í gær til að svæfa dýrið. Farið var á eftir birninum á tveimur bílum en þá fældist hann út í tjörn rétt hjá bæjunum að Hrauni. Ekki var talið ráðlegt að skjóta hann með deyfilyfi þar vegna hættu á að hann myndi drukkna, að sögn Þorsteins.

Tókst að fæla björninn upp úr tjörninni en þá tók hann á rás meðfram Skagatá og síðan norður eftir lítilli vík. Stefndi hann þá í sömu átt og hópur fólks sem fylgdist með aðförunum og voru þá allir umsvifalaust reknir í bíla sína. Þorsteinn segir að björninn hafi verið um það bil að halda til sunds á haf út og því hafi verið ákveðið að fella hann frekar en að týna honum á hafi og vita ekki hvar hann kæmi næst að landi.

Hann segir enn fremur að björninn hafi verið máttfarinn og særður við framfætur og því óvíst hvort hann hefði lifað deyfinguna af.



**RÁÐHERRA KEMUR Á VETTVANG** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra kom með einkaflugi á vettvang í gærdag. Hún harmaði mjög örlög björnsins og sagði það hefði verið stórkostlegt ef björgun hans hefði heppnast.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meðal þeirra sem fylgdust með á vettvangi var Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og harmaði hún mjög endalok málsins. „Það er afar flókið mál að reyna að svæfa björninn en það hefði verið stórkostlegt hefði tekist að flytja hann til heimkynna sinna, en slíkt hefur aldrei verið gert hér á landi,“ segir hún.

Til að koma deyfilyfinu í björninn hefði skyttan þurft að vera um þrjátíu metra frá henni að sögn Bjarna Pálssonar, deildarstjóra hjá Umhverfisstofu. „Þá vegalengd hleypur björninn á örfáum sekúndum,“ segir hann.

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir að tilraunin hafi verið vel þess virði. Segir hann ennfremur að um fjörutíu til fimmtíu manns hafi komið að henni.

jse@frettabladid.is

## SJÁLFSAGT AÐ ÞIGGJA HÖFÐINGLEGT BOÐIÐ



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Björgvin G. Sigurðsson var settur umhverfisráðherra þegar íslenska ríkisstjórnin þáði boð einkafyrirtækis um að borga fyrir björgunaraðgerðirnar á 17. júní.

Hann var spurður hvers vegna það hefði verið gert og hvort íslenska ríkið hefði ekki verið nægilega stöndugt til að sjá um bjarndýrið sjálft.

„Nei, nei. Auðvitað var þetta ekki of dýrt fyrir ríkið. En þetta var höfðinglegt boð og sjálfsagt að þiggja það. Það er ekkert nema jákvætt um það að segja, þegar menn eru til í að taka þátt í svona kostnaði og spara skattborgurum peninga.“

Danska ríkið kom ekki að kostnaði við björgunina, sem átti að verða.

„Nei. Við kölluðum þá til og kostnaðurinn fellur á okkur. Þetta er okkar mál,“ segir Björgvin.

Ekki lá fyrir í gærkvöld hver endanlegur kostnaður við aðgerðirnar væri.

- kóþ

## BJÖRGÓLFUR BORGAR EKKI LÖGGÆSLUNA



**ÁSGEIR FRIÐGEIRSSON**

Björgólfur Thor Björgólfsson hafði, í nafni fyrirtækis síns Novators, hvatt stjórnvöld til að láta ekki kostnað við aðgerðirnar koma í veg fyrir björgun.

Hann bauðst þannig til að bera kostnaðinn af því að koma dýrinu til síns heima. En borgar Björgólfur eitthvað fyrir misheppnaða björgunina?

Talsmaður Björgólfs, Ásgeir Friðgeirsson, segir að í ljósi úrslitanna verði sest niður með yfirvöldum og farið yfir málið og hvernig kostnaðurinn falli.

„Við getum svo sem ekkert sagt um þetta fyrr en við vitum nánar um aðdragandann [að drápi dýrsins],“ segir hann.

Hins vegar telur hann ekki að Björgólfur hafi boðist til að greiða fyrir hina miklu öryggisgæslu á svæðinu, en tugir manna voru að slíkum störfum í gær.

„Við berum ekki ábyrgð á ákvörðun sýslumanns á Sauðárkróki um að kalla út aukalið til að tryggja öryggi borgaranna,“ segir hann.

- kóþ

# Síminn hélt vöku fyrir fólki en ekki björninn

„Ég tel að tjónið sé ekkert voðalega mikið, annars kemur það allt í ljós á næsta ári,“ sagði Steinn Leó Rögnvaldsson, bóndi á Hrauni II, í gærmorgun, á sömu stundu og ísbjörninn, sem sást fyrst í fyrradag, hafðist við í æðavarpinu.

Jóhann Rögnvaldsson á Hrauni III, bróðir Steins Leós, segir að um tvö til þrjú þúsund hreiður séu í varpinu. Um sextíu hreiður þarf til að ná einu kílói af dún og söluvirði eins kílós er um 100 þúsund krónur. Hægt er því að ná dún þar fyrir þrjár til fimm milljónir króna.

Spurður hvort hann hefði viljað aflífa ísbjörninn strax sagði Steinn Leó: „Ég ætla nú ekkert að segja um það að svo komnu en auðvitað fer ýmislegt um huga manns meðan verið er að þyrma einu lífi sem murkar lífið úr öðrum.“

Spurður hvað honum þætti um viðbrögð fólks við því þegar ísbjörninn var felldur í Laxárdal fyrir tveimur vikum segir hann fólk hafa heitar skoðanir á málinu. „Ég ætla ekki að segja mikið um það en ég er þó viss um að viðhorf fólks væri nokkuð öðruvísi ef ísbjörninn væri á vappi niður Laugaveginn.“

Steinn Leó var á Sauðárkróki þegar hann fékk þær fregnir að ísbjörn væri á Skagatá. Karen Helga, dóttir hans, hafði orðið vör bjarnarins þegar hún elti heimilishundinn sem æddi inn í æðavarpið. „Þangað má hann auðvitað ekki fara og hefur í raun aldrei gert fyrr en á þessari stundu,“ sagði Steinn Leó. Hann þurfti í gær að fara í nokkra kílómetra fjarlægð frá bænum til að viðra hundinn Týra sem var hætt kominn í fyrradag.

Hann sagði fjölskylduna hafa sofið vel þótt ísbjörninn væri skammt undan. „Það var einna helst síminn sem hélt fyrir mér vöku.“

Herdís Guðlaug, dóttir Steins, sagðist hafa sofið rótt en þætti vissulega óljúft að sjá ísbjörninn í varpinu en vonaði að hægt yrði að bjarga honum.

„Ég hef oft heyrt þjóðsögur um ísbirni hérna,“ segir hún. „Ein var um konu sem taldi sig hafa séð gráan hest en þegar hún kom nær var þetta ísbjörn. Þessi þjóðsaga gæti í raun verið frá því í gær,“ segir hún og brosir við.

- jse



**BÓNDINN Á HRAUNI II** Steinn Leó með hundinn Týra sem æddi í æðarvarpið þegar hann varð bjarnarins var. Steinn Leó viðraði hundinn fjarri bænum í gærdag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Goran Superform á 4 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



***Nýtt á Íslandi***
**Goran Superform matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200
## Námskeiðin byrja 23. júní!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa



**MILLILENDING** Þessi fríða stytta prýðir umhverfi Toncontin-flugvallarins í Tegucigalpa, höfuðborg Hondúras í Mið-Ameríku. Flugslys í lok síðasta mánaðar olli því að alþjóðaflug er bannað um völlinn. NORDICPHOTOS/AFP

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, um byggingu félagslegra íbúða:

# Kvótinn ekki verið fullnýttur

**HÚSNÆÐISMÁL** Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir að ekki sé vitað um framkvæmdina á þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að byggja eða kaupa 750 félagslegar íbúðir á ári 2009-2010 þar eð Íbúðalánasjóði hafi ekki verið tilkynnt um það formlega. Þetta hafi bara komið fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við kjarasamningana í vetur og því sé um þau áform vitað.

„Við sáum það bara í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og höfum gert ráð fyrir að það verði svipað verkferli áfram. Menn geta þá sótt um þessi lán en þeir sem vilja vita af því að vita um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hún er okkur svo sem óviðkomandi að öðru leyti en þessu að væntanlega þurfum við að taka á móti umsóknunum og afgreiða þær eftir því sem þær berast og áhugi kann að vera fyrir hendi,“ segir hann.



**VAXANDI ÁSÓKN** „Hinsvegar virðist ásókn vera vaxandi og má heita að kvótinn hafi nýst að fullu á síðasta ári,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Guðmundur bendir á að Íbúðalánasjóður hafi haft heimild til að veita lán til 400 félagslegra íbúða á ári frá árinu 2001 en kvótinn hafi ekki verið fullnýttur öll árin. Sér sýnist þó að hann hafi verið fullnýttur í fyrra og sér finnist sennilegt að svo verði líka á þessu ári. „Eftirspurnin hefur ekki verið alveg að fullu eftir þessum 400 íbúðum á undanförnum árum. Hins vegar virðist ásókn vera vaxandi og má heita að kvótinn hafi nýst að fullu á síðasta ári og allt bendir til að svo verði líka á þessu ári,“ segir hann. - ghs

Hátæknifyrirtækið Marorka:

## Tilnefnt til verðlauna

**UMHVERFISMÁL Hátæknifyrirtækið Marorka hefur verið tilnefnt til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs árið 2008. Fyrirtækið vinnur að því að þróun tölvukerfa sem miða að því að lágmarka olíunotkun skipa og draga úr mengun og eldsneytiskostnaði. Frá þessu er greint á vef Samtaka iðnaðarins.**

**Aðrir tilnefndir eru finnska dekkjafyrirtækið Nokian Tires, danska hárstofukeðjan Zenz, AGA gas í Svíþjóð og gistihúsið Bomans Gästhem á Álandseyjum.**

**Alls eru tilnefningar 37, þar af 16 frá Svíþjóð, níu frá Finnlandi, sjö frá Danmörku og þrír frá Noregi.** - ghs

Yfirvöld í Bretlandi:

## Telja hryðjuverk yfirvofandi

**DUBAI, AP** Breska sendiráðið í Sameinuðu arabísku furstadæmunum varar við yfirvofandi hættu á hryðjuverkum í landinu. Það var gert á heimasíðu sendiráðsins á laugardag, á sama tíma og hættustig vegna hryðjuverka var hækkað.

Ekki hefur verið greint frá því hvað varð til þess að hættustigið var hækkað. Aðeins var sagt að líklegt væri að hryðjuverk yrðu framin í náinni framtíð. Talið er að hernaðar-, olíu- og samgöngumannvirki séu líkleg skotmörk auk ferðamannastaða. - þeb

Fjórtán ára dómur fyrir blæti:

## Þefaði af handarkrikum

**SINGAPÚR Hálffertugur maður hefur verið dæmdur í fjórtán ára fangelsi í Singapúr fyrir að þefa stöðugt af handarkrikum kvenna. Hann var einnig dæmdur til að þola átján svipuhögg.**

**Maðurinn hafði verið úrskurðaður andlega vanheill og hafði áður komist í kast við lögin.**

**Hann þefaði af handarkrikum 23 kvenna á fimmtán mánuðum en náðist eftir að húsmóðir kærði athæfi hans til lögreglu.**

**Dómstóllinn dæmdi manninn til að þola fangelsisvist í alræmdasta fangelsi Singapúr þar sem einungis harðsvíruðustu glæpamenn landsins eru vistaðir.** - vsp



**HÁTÍÐARSTUND Í VEÐURBLÍÐU** Sólin skein á forsætisráðherra og gesti þjóðhátíðar sem hlýddu á hátíðarræðu hans. Geir sagði erfitt ástand í efnahagsmálum að mestu utanaðkomandi áhrifum að kenna og hvatti landsmenn til að spara bensín og olíu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Vill minni akstur og nýja orkugjafa

**Geir H. Haarde forsætisráðherra hvatti þjóðina til að draga úr notkun á innfluttu eldsneyti í þjóðhátíðarræðu í gær. Hann sagði að þjóðin yrði að breyta neyslumunstri sínu en góðar líkur væru á að verðbólga gengi fljótt niður.**

**STJÓRNMÁL** Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, fór í þjóðhátíðarræðu sinni í gær yfir ástand mála í efnahagsmálum, bæði heima og heiman. Hann sagði að íslenskt efnahagslíf hefði á síðustu árum orðið opnara og alþjóðlegra og því segðu alþjóðlegar hræringar til sín hér í meiri mæli en áður. Það væri hinn nýi tími sem ekki yrði frá snúið.

Geir sagði hluta hins alþjóðlega efnahagsvanda birtast í stórhækkuðu verði á ýmsum nauðsynjum, svo sem eldsneyti og matvælum. Slíkar breytingar virkuðu sem skattur á þjóðarbúið og rýrðu óhjákvæmilega kjör allra í landinu. Á undanförnum árum hefði hins vegar verið vel búið í haginn.

„Nú skiptir miklu að ríkissjóður er nánast skuldlaus og lífeyrissjóðakerfið firnasterkt, með miklar eignir á bak við sig innan lands og utan. Þótt verðbólgan sé óviðunandi um þessar mundir eru góðar líkur á því að hún gangi niður á tiltölulega skömmum tíma. Það er mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar um þessar mundir að tryggja nýtt jafnvægi í efnahagslífinu og treysta jafnframt grundvöll atvinnustarfseminnar í landinu.“

Forsætisráðherra gerði hækkandi eldsneytisverð sérstaklega að umtalsefni. Hann sagði að Íslendingar þyrftu sem þjóð að bregðast við hinum gríðarlegu hækkunum.

„Eina leiðin í því efni, sem skilar varanlegum árangri, er að draga úr notkuninni með minni akstri og betri nýtingu, notkun sparneytnari ökutækja, tilflutningi í aðra orkugjafa og svo framvegis.“

Geir sagði ýmissa kosta völ í þessum efnum og nauðsynlegt væri að efla fræðslu um svokallaðan vistakstur. „Skynsamlegt gæti einnig verið að breyta fyrirkomulagi gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti í þessu skyni, en einnig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.“

Hann minnti á að farartæki knúin óhefðbundnum orkugjöfum nytu nú þegar skattalegra ívilnana og hvatti almenning til að skoða allar leiðir í þessum efnum. „Þjóðin verður að breyta neyslumynstri sínu og framlag hvers og eins skiptir máli, bæði fyrir viðkomandi einstakling en einnig heildina.“ kolbeinn@frettabladid.is

Olíumálaráðherra Noregs:

## Byggði bryggju í leyfisleysi

**NOREGUR** Komist hefur upp að norski olíu- og orkumálaráðherrann Åslaug Haga hafi byggt bryggju á fasteign sinni í Nordfjord í Noregi án þess að hafa byggingarleyfi auk þess sem hún hafi sótt um að fá undanþágu frá lögum til að byggja ellefu metra bryggju í staðinn fyrir þá gömlu. Þetta kom fram í netmiðli VG.



**ÅSLAUG HAGA**

Þá hefur verið greint frá því að Haga hafi leigt út búr á landareign sinni Ås til íbúðar án þess að hafa tilskilin leyfi.

Ráðherrann er nú í þriggja vikna veikindaleyfi vegna of hás blóðþrýstings en hún hefur áður átt við háan blóðþrýsting að stríða. - ghs



**FÓRNARLAMBA LEITAÐ** Björgunarsveitarmenn leita að týndu fólki þar sem mikil jarðskriða varð af völdum skjálftans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

470 eftirskjálftar í Japan:

## Tíu látnir og tólf enn saknað

**JAPAN, AP Tíu manns fórust og tólf er enn saknað eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir Japan um liðna helgi. Leit að þeim sem saknað er heldur áfram en talið er fremur ólíklegt að nokkur finnist á lífi.**

**Rúmlega þúsund björgunarmenn taka þátt í leitinni og öðrum björgunaraðgerðum. Aðgerðirnar hafa gengið hægt og erfitt er að komast að svæðunum sem urðu hvað verst úti. Þá hafa öflugir eftirskjálftar einnig tafið björgunarmenn, en rúmlega 470 eftirskjálftar hafa fundist síðan á laugardag.** - þeb




Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga.
Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð
kr. 2.150.-

weber

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is


Niðurstöður meistaraprófsverkefnis um ástand Skerjafjarðar kynntar í gær:

# Nýting Skerjafjarðar ekki sjálfbær

**UMHVERFISMÁL** „Það sem kemur mest á óvart er hvað það er rosalega mikið drasl á ströndinni,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, sem nýlega kynnti meistaraprófsverkefni sitt í Umhverfis- og auðlindastjórnun við Háskóla Íslands. Í verkefni sínu fjallar Sigríður um Skerjafjörðinn, ástand hans, stjórnun og sjálfbæra nýtingu. Markmiðið segir hún vera að skoða nýjar leiðir og hvað megi betur fara.

Sigríður segir að eftir að landfyllingar hófust á svæðinu minni það oft meira á ruslakistu en náttúruparadís. „Í raun og veru geri ég úttekt á mengun á svæðinu og það eimir enn af þessu gamla viðhorfi að lengi taki sjórinn við.“

Fimm sveitarfélög eiga land að Skerjafirðinum og segir hún eitt þeirra losa reglulega úr skólpræsakerfi sínu í fjörðinn. „Það fer alls ekki vel saman við ylströndina í Nauthólsvík og alla útivist á svæðinu. Þar að auki berst mjög mikil saurgerlamengun með lækjum niður í fjörðinn.“

Sigríður segir rannsóknina sýna að engin samvinna sé meðal sveitarfélaga um svæðið. Niðurstaðan hennar er að strandsvæði Skerjafjarðar eru ekki nýtt á sjálfbæran hátt. Þekking á svæðinu er lítil og brotakennd, og lagasetningar um eignar- og umsýslumörk sveitarfélaga á haf út eru úreltar og ekki í takt við nýtingu. „Ég held að náttúrulega heild eins og Skerjafjörðinn verði að skoða í heildstæðu samhengi.“ - ovd



**GRÓTTUVITI VIÐ SKERJAFJÖRÐ** Skerjafjörður er átján ferkílómetrar að flatarmáli en samkvæmt niðurstöðum Sigríðar ná íslensk lög illa til strandsvæða sem hans. MYND/HAFSTEINN ÓSKARSSON

## BANDARÍKIN

**Patti Doyle til Obama**

Barack Obama, forsetaframbjóðandi demókrata, hefur ráðið Patti Solis Doyle sem starfsmannastjóra framboðsskrifstofu sinnar. Doyle stýrði framboði Hillary Clinton þar til í febrúar síðastliðnum þegar hún var rekin.


full búð
af nýjum vörum
dömu & herra
bolir
skyrtur
buxur
kvart buxur
zip off buxur
vesti
peysur
flíspeysur
softshell peysur
regnföt
isotex buxur
isotex jakkar
ofl.
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
TILBOÐSHORNIÐ
- 50-80%
allar barnavörur
anvil bolir
svefnpokar
gönguskór
sandalar
sokkar
göngustafir
bakpokar
isotex kápur
softshell peysur
ofl.
www.utivistogsport.is
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322



**OBBOBBOBB!** Pilturinn ungi virðist áhugalítill um málverk Visilys Pukirev um hjónabandið, enda voru aðrir leyndardómar í boði þennan dag á listasafninu í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands. NORDICPHOTOS/AFP

Útvarpsstjóri tekur undir gagnrýni á þjónustu RÚV við heyrnarskerta:

# Táknmálsfréttir má ekki vanta

**FJÖLMIÐLAR** „Þessi gagnrýni er að hluta til réttmæt og við munum fara yfir það hér í okkar ranni hvernig við getum bætt úr þessu. Í viðbragðaáætlun vegna atburða af þessu tagi verður þá tekið meira tillit til þarfa þessa hóps,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Páll ítrekar að Ríkisútvarpið muni bæta þjónustu sína við heyrnarskerta. Ekki megi koma fyrir að táknmálsfréttir falli niður, eins og gerðist í Suðurlandsskjálftanum.

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir gagnrýndi í aðsendri grein í Fréttablaðinu á sunnudag að þann dag hefðu táknmálsfréttir á RÚV verið látnar niður falla. Táknmálsfréttir hefðu áður verið felldar niður þegar mikið hefði legið við.

Hún fullyrðir að þjónusta RÚV við heyrnarlausa sé lakari en það sem þekkist erlendis.

Spurður hvernig hann hyggist bæta þjónustuna bendir Páll á að unnið sé að því að texta innlent efni í auknum mæli. Sérstaklega erfitt sé þó að texta eða túlka fyrir heyrnarskerta þegar efni sé í beinni útsendingu með skömmum fyrirvara, því þá þurfi að kalla túlkana út.

„Við hvetjum heyrnarskert fólk einnig til að nýta sér fréttasíðu okkar. Það má hafa af henni talsvert gagn á ögurstundu,“ segir Páll. - kóþ



**PÁLL MAGNÚSSON** Útvarpsstjóri segir óviðunandi að táknmálsfréttir falli niður eins og þær gerðu í Suðurlandsskjálftanum. RÚV muni bæta þjónustu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rauði krossinn í Evrópukeppni:

## Landslið keppir í endurlífgun

**BJÖRGUN** Rauði kross Íslands sendir landslið í skyndihjálp til að keppa fyrir Íslands hönd í Evrópukeppni Rauða krossins í endurlífgun. Keppnin verður haldin 19.-22. júní í Liverpool á Englandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Rauða krossi Íslands.

Sex liðsmenn verða í íslenska liðinu. „Við erum voða spennt. Ég spái engu um árangurinn, enda stefnum við bara á að hafa gaman og læra af þessu,“ segir Hafsteinn Jakobsson, liðsstjóri íslenska liðsins.

Þetta er í sjöunda sinn sem Ísland sendir lið í keppnina. - gh

Samaþingið í Noregi:

## Styrkir samtök með einum homma

**NOREGUR** **Samaþingið í Noregi hefur styrkt samtök samískra homma, sem aðeins hafa einn félaga, um hálfa milljón norskra króna eða um 7,5 milljónir íslenskra króna. Jafnréttisráðuneytið í Noregi vill hins vegar ekki styðja samtökin. „Við getum ekki styrkt samtök sem ennþá hafa bara einn félaga,“ segir embættismaðurinn Kjell Erik Øie.**

**Formaður Landsamtaka homma og lesbía í Noregi hvetur Samaþingið til að skoða samísku hommasamtökin betur, að sögn Dagbladet. „Ég vona að Samaþingið fylgist með og sjái til þess að peningarnir verði notaðir með fullnægjandi hætti,“ segir Jon Reidar Øyan, formaður landssamtakanna.** - ghs

IKEA innkallar kastara:

## Hætta á ofhitnun kastara

**VERSLUN** Húsgagnaverslunin IKEA hefur ákveðið að innkalla Femton-kastara vegna hættu á ofhitnun. Viðskiptavinir sem skila kastaranum í verslun IKEA munu fá hann endurgreiddan. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Kastarinn hefur sveigjanlegan arm og hann getur ofhitnað sé perunni beint of nálægt yfirborði, svo sem vegg eða hillu. Þetta er niðurstaða sænska rafmagnsöryggisráðsins. - gh

Vísitasía Biskups Íslands:

## Biskup heimsækir Vestfirði



**HERRA KARL SIGURBJÖRNSSON**

**TRÚMÁL** **Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, hóf vísitasíu um Vestfirði í gær. Vísitasían stendur til 27. júní og mun biskup skoða kirkjur og kirkjugarða, taka þátt í helgistundum og ræða við sóknarpresta og sóknarnefndir. Þá mun biskup heilsa upp á sumarbúðabörn og heimsækja dvalarheimili aldraðra og sjúkrahús.**

**Allir eru boðnir velkomnir til þátttöku í helgihaldi vísitasíunnar. Guðsþjónustur í tengslum við hana verða meðal annars í Bolungarvík, á Ísafirði og í Súðavík.** - gh

**SINUBRUNI**

### Hektari brann á Mýrum

Eldur varð laus í sinu í landi Þverholts á Mýrum í fyrrakvöld. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi brann um einn hektari. Bændur með haugsugur og slökkviliðsmenn slökktu eldinn. Stóð til að vakta svæðið fram eftir nóttu.

# Sól og blíða á 17. júní

**Sólin lék við landsmenn á þjóðhátíðardaginn að þessu sinni, en hana hefur oft vantað. Í Reykjavík mátti sjá hefðbundna viðburði, skátar gengu fylktu liði, börnin léku við hvern sinn fingur og fjallkonan flutti ávarp.**

**HÁTÍÐARHÖLD** Segja má að helsta nýjungin hafi verið gömul, því forsetahjónin mættu til hátíðarhaldanna á Packard-bifreið frá árinu 1942. Þetta var fyrsti forsetabíll lýðveldisins og var notaður á upphafsárum Sveins Björnssonar í embætti.

Mannfjöldi var saman kominn til að hlýða á ræðu Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Í hátíðarstúkunni mátti sjá fyrirmenni víðs vegar að úr heiminum að heyra boðskap ráðherrans.

Smáfólkið hafði meiri áhuga á þeim fjölda leiktækja sem boðið var upp á. Aðrir slökuðu á í góða veðrinu, enda ekki á vísan að róa með gott veður á þjóðhátíðardag.

Talið er að um tuttugu þúsund manns hafi verið í miðbænum þegar mest var í gær. - kóp



**FYRSTI FORSETABÍLLINN** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff voru glæsileg þegar þau stigu úr Packard-bifreiðinni frá 1942. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÞARF EKKI AÐ VERA FLÓKIÐ** Krakkarnir þurfa ekki alltaf flóknustu og nýjustu leiktækin til að skemmta sér. Þessir kátu krakkar vita að listin er til margra hluta nytsöm, bæði til hugar og handa.



**HÆ HÓ, JIBBÍJEI** Skátarnir gengu fylktu liði niður Laugaveginn eins og venjulega og fjöldi fólks fylgdi þeim í blíðviðrinu enda eitt sinn skáti, ávallt skáti.



**GÓÐUR RÓMUR** Ræðu Geirs H. Haarde var vel tekið af viðstöddum. Hvort allir fylgdust náið með fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum skal ósagt látið.



**FJALLKONAN ER KOMIN Í SKRÚÐ...** það er hún Áslaug, í efnalaug... sungu Hrekkjusvín um árið. Að þessu sinni brá leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir sér í hlutverk fjallkonunnar og fórst henni það glæsilega úr hendi.


20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
home art
VÖRUM ··· DAGANA 18.–22. JÚNÍ
SUMARBÚSTAÐA DAGAR Í ORMSSON SMÁRALIND
PARIS
Njóttu þess!
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMAR 530 2905 / 530 2906 / 530 2909

# Virðisaukaskatturinn af - og meira til!




Brimborg afnemur meira en ígildi virðisauka-skattsins af völdum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði: virðisauka-skatturinn af - og meira til í Brimborg í dag.

**Komdu í kaffi og kleinur**

## Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg í dag

# Allur v
# skattu

## Í dag. Dæmi um tilboð Brimborgar

**Tilboðsverð 3.790.000 kr.**
Volvo C70 SE
2,4i sjálfskiptur 2 dyra
Fast númer RR976
Skrd. 09/2006.
Ek. 11.000 km.
Verð áður 4.950.000 kr.



**Tilboðsverð 790.000 kr.**
Hyundai Santa Fe
2,7i sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer OB038
Skrd. 12/2001
Ek. 132.000 km.
Verð áður 1.190.000 kr.



**Tilboðsverð 690.000 kr.**
Citroën Berlingo Van
1,4i 5 gíra 6 dyra
Fast númer RP337
Skrd. 10/2004
Ek. 91.000 km.
Verð áður 970.000 kr.



**Tilboðsverð 790.000 kr.**
Citroën Berlingo Van
1,4i 5 gíra 6 dyra
Fast númer SL685
Skrd. 04/2004.
Ek. 95.000 km.
Verð áður 1.020.000 kr.



**Tilboðsverð 1.090.000 kr.**
Ford Focus Trend
1,6i sjálfsk. 5 dyra
Fast númer TH678
Skrd. 10/2004
Ek. 53.000 km.
Verð áður 1.450.000 kr.



**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**
Ford Focus C-MAX Trend
2,0i sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer OA728
Skrd. 09/2006
Ek. 13.000 km.
Verð áður 2.320.000 kr.



GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Fjöldi annarra bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

*Opið í dag frá kl. 9 til 18*

# í dag Brimborg afnemur meira en ígildi vasksins af völdum notuðum bílum til kl. 18 í dag

# irðisauka-rinn af

# og meira til

## á notuðum bílum:



**Tilboðsverð 790.000 kr.**
Ford Focus Trend
1,6i 5 gíra station
Fast númer ZG506
Skrd. 12/2003
Ek. 86.000 km.
Verð áður 1.390.000 kr.



**Tilboðsverð 3.790.000 kr.**
Nissan Patrol
3,0 dísil sjálfsk. 5 dyra
Fast númer BI111
Skrd. 04/2006
Ek. 32.000 km.
Verð áður 5.090.000 kr.



**Tilboðsverð 1.590.000 kr.**
VW Touran
1,6i sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer JN216
Skrd. 03/2005
Ek. 58.000 km.
Verð áður 2.020.000 kr.



**Tilboðsverð 4.390.000 kr.**
Volvo S80 SE+
2,4 dísil sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer LT326
Skrd. 05/2007
Ek. 18.000 km.
Verð áður 5.590.000 kr.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.
Komdu í Brimborg

**Virðisaukaskatturinn af - og meira til! hjá Brimborg**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Forætisráðherra hvetur þjóðina til að breyta neyslumynstri sínu í þjóðhátíðarávarpi.

## Tímabær varnarspyrna frá hægri

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hvatning Geirs H. Haarde forsætisráðherra í þjóðhátíðarræðu sinni í þá veru að bregðast við hækkandi eldsneytisverði með því að draga úr notkun eldsneytis var orð í tíma töluð.

„Eina leiðin í því efni, sem skilar varanlegum árangri, er að draga úr notkuninni með minni akstri og betri nýtingu, notkun sparneytnari ökutækja, tilflutningi í aðra orkugjafa og svo framvegis,“ sagði forsætisráðherra í ávarpi sínu í gær.

Forsætisráðherra var afdráttarlaus og sagði að þjóðin yrði að breyta neyslumynstri sínu. Hann benti á að nauðsynlegt væri að efla fræðslu um vistakstur og að skynsamlegt gæti verið að breyta fyrirkomulagi gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti, meðal annars í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Forsætisráðherra benti einnig á að farartæki knúin óhefðbundnum orkugjöfum nytu skattalegra ívilnana og hvatti almenning til að skoða allar leiðir í þessum efnum.

Rétt er að þeir sem eiga bíla sem knúnir eru annarri orku en bensíni og dísilolíu njóta skattaívilnana. Á hitt verður að benda að sú þróun sem átt hefur sér stað í Evrópu, að hlutur dísilbíla hefur aukist ört vegna þess að þeir þykja heppilegri en bensínbílar af umhverfisástæðum, hefur ekki náð hingað til lands að nokkru marki. Ástæðan er sú að að þegar þungaskattur var afnuminn af dísilbílum voru álögur auknar á eldsneytinu þannig að fjárhagslegur ávinningur neytenda í að aka á dísilbíl fremur en bensínbíl er hverfandi.

Það framtak Reykjavíkurborgar að hvetja til notkunar sparneytinna bifreiða með því að hafa ókeypis í stæði í miðborginni fyrir bíla sem menga innan við tiltekin mörk er gott dæmi um aðgerðir yfirvalda í þá veru að hvetja til umhverfisvænnar afstöðu borgaranna.

Ekki síður var sú aðgerð borgarinnar að bjóða námsmönnum ókeypis í strætó myndarleg. Það kom og á daginn að aðsókn í vagnana jókst til muna og það liggur í augum uppi að sú aukning hefur skilað sér í færri ferðum með einkabílum og þar af leiðandi minni útblæstri. Hitt er til skammar að fækka ferðum strætó um helming nú yfir sumartímann, líka á stofnleiðum. Sú aðgerð er ekki til þess fallin að fylgja eftir átakinu sem fór svo vel af stað í haust sem leið.

Ljóst er að hækkandi eldsneytisverð hefur og mun í framtíðinni enn frekar hafa mikil áhrif á lifnaðarhætti vestrænna þjóða. Það verður ekki lengur eins sjálfsagt og það virðist nú að leggja land undir fót, hvort heldur í einkabílnum út á næsta horn eða í annan landsfjórðung, eða þá yfir hafið í flugvél.

Utanlandsferðir Íslendinga hafa ekki bara aukist heldur einnig breyst mikið undanfarin ár. Í stað þess að áður fóru menn í fáar en nokkuð langar ferðir úr landi hefur ferðum fjölgað til muna og að sama skapi styst. Svo kann að fara að þessari þróun verði að snúa við.

Það er gott til þess að vita að losun gróðurhúsalofttegunda er ekki lengur einkamál vinstrimanna sem iðulega er afgreidd sem móðursýki og hræðsluáróður af hægrimönnum. Eins og forsætisráðherrann benti á skiptir framlag hvers og eins máli, bæði fyrir viðkomandi einstakling og fyrir heildina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýstárleg söguskoðun

Í þjóðhátíðarræðum er lenska að slá sér aðeins á brjóst, minnast glæstrar fortíðar og enn glæstari hetja. Það gerði Geir H. Haarde svikalaust í gær og kynnti til sögunnar Jón Sigurðsson og Bjarna Benediktsson.

Um þann fyrrnefnda sagði hann að undrun vekti hve aðdáun og virðing á honum hefði verið óskipt alla hans tíð. Kom þetta sagnfræðingum nokkuð á óvart; sérstaklega þeim sem sérstaklega höfðu fjallað um fjárkláðamálið. Þá var Jón úthrópaður nánast um allt land fyrir afstöðu sína, en það gleymist á hátíðarstundum.



### Nýstárleg viðbragðsáætlun

Og enn hefur hvítabjörn ákveðið að heimsækja landann, þrátt fyrir misgóðar móttökur forgöngubjarna hans. Við komu hins bjarnarins fyrir um hálfum mánuði vakti athygli að umhverfisráðherra var hálfvaklandi í afstöðu sinni. Hún vildi bjarga en gat ekki og lofaði að komin yrði viðbragðsáætlun þegar næsti björn kæmi.

Og nú er hann kominn og ráðherra staddur erlendis. Á meðan hefur staðgengill hans, Björgvin G. Sigurðsson, farið á kostum; mætt röggsamur í fjölmiðla með blankan tékka frá Björgólfi Thor í vasanum og hyggst bjarga bangsa.

Kannski fólst viðbragðsáætlunin í því að Þórunn yrði erlendis?



### Nýstárleg björgun

Ekki virðist viðbragðsáætlunin hafa gengið upp bjössa í hag. Flogið var með sérfræðing frá Danmörku til að bjarga dýrinu og ekkert skyldi til sparað til björgunar.

Í hinni snilldarlegu áætlun virðist hins vegar ekki hafa gert ráð fyrir því að dýrið gæti haldið til hafs á ný – möguleiki sem þó ætti að vera ofarlega í huga miðað við gestrisni okkar gagnvart hvítabjörnum. Og því fór sem fór – dýrið var skotið.

Hvort það var tilviljun eða ekki að Þórunn Sveinbjarnardóttir var komin til landsins og norður skal ósagt látið.

kolbeinn@frettabladid.is

## Evrópuhugsjón í kreppu?



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Lýðræði

Samstarf Evrópuþjóða á sér ýmsar ólíkar myndir. Þessa dagana stendur t.d. yfir Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu. Í sjónvarpi allra landsmanna er hægt að fylgjast með smáþjóðum takast á við gamalgróin risaveldi íþróttarinnar og eina reglan þar virðist vera sú að aldrei er hægt að afskrifa neitt lið. Í svona Evrópumóti þarf ekki að rífast um það hvaða þjóðir tilheyra álfunni eða ekki; landslið Tyrkja komst áfram í fjórðungsúrslit um helgina og fylgir þar í kjölfar góðs árangurs Tyrkja í Evrópusöngvakeppninni.

Evrópusöngvakeppnin er einmitt annað dæmi um farsælt evrópskt samstarf en eftir hana mátti líka sjá að oft er grunnt á því góða hvað varðar bræðralagshugsjón Evrópuþjóða. Gott gengi sumra þjóða frá austurhluta álfunnar virtist gefa tilefni til allmikils biturleika og ásakana um svindl - sem ekki eiga við mikil rök að styðjast. Að sumu leyti snýst þessi gremja um fallandi gengi stórvelda sem einu sinni kepptu í lítilli og þægilegri Evrópusöngvakeppni. Núna þegar þessi keppni er loksins farin að ná til allrar Evrópu kemur það niður á gömlu nýlenduveldum Vestur-Evrópu sem njóta þar ekki sömu velgengni og áður. Þegar litið er framhjá særðu stolti þessara þjóða er hins vegar fátt eðlilegra en að Evrópusöngvakeppnin verði haldin í stærsta landi Evrópu á næsta ári. Hins vegar er athyglisvert að svona rígur sé ennþá til og bendir til þess að ennþá sé grunnt á því góða milli Evrópuríkja – a.m.k. þegar hefðbundin valdahlutföll raskast.

### Evrópa og lýðræðið

Áhugi á ýmis konar keppnum Evrópuþjóða, hvort heldur í íþróttum eða popptónlist, er til marks um sameiginlegan reynsluheim þessara landa. En svona keppnum fylgja líka vaxtarverkir þegar sumar þjóðir hætta að ná alltaf sínu fram. Englendingar eru á botninum í Evrópusöngvakeppninni ár eftir ár og Þjóðverjar geta ekki lengur bókað sigur í fótbolta gegn smáríkjum eins og Króatíu.

Svona vaxtarverkir ná einnig til stjórnmálanna, en þar verður kreppan heldur meiri. Evrópusambandið var upphaflega lítill og fámennur klúbbur sex þjóða, en núna eru þjóðir Evrópusambandsins 27. Í Evrópuráðinu eru 45 þjóðir og alls býr um þriðjungur Evrópumanna í ríkjum sem tilheyra ekki Evrópusambandinu. Eigi að síður er enginn vafi á því að klúbburinn fer stækkandi og jafnframt lætur hann verr að stjórn. Leiðtogar Evrópusambandsins hafa hins vegar tekið upp þá stefnu að eftir því sem hópur aðildarríkjanna verður fjölbreyttari eigi samt að ýta undir það sem nefnt er „samrunaferli“.

Gallinn við samrunaferlið er sá að almenningur í löndunum hefur ekki beðið um það og þegar það hefur verið borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu hefur iðulega verið tvísýnt um úrslit. Þetta er eftirtektarverðara sökum þess að jafnan hefur yfirgnæfandi meirihluti stjórnmálamanna hvatt fólk til að samþykkja sáttmála sem síðan er hafnað. Nú seinast var hugmyndinni um evrópska stjórnarskrá hafnað af almenningi í Hollandi og Frakklandi, en þrátt fyrir það var haldið áfram og búið til skjal sem kallast Lissabon-samningurinn og er útvötnuð gerð af Evrópustjórnarskránni. Núna tókst ríkisstjórnum Evrópusambandslanda að búa svo um hnútana að aðeins var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn í einu landi – Írlandi – og þar var honum hafnað.

### Sjálfskaparvíti

Í leiðurum dagblaða hér á Íslandi er þetta túlkað sem svo að 3 milljónir Evrópubúa hafi hafnað en hinar 490 sem ekki fengu að kjósa teljist sjálfkrafa samþykkar. Svona rök endurspegla hugsunarhátt ráðandi stétta innan Evrópusambandsins og eru eflaust meginástæða þess að almenningur treystir þeim ekki. Það er auðvitað undarlegt að árið 2008 sé enn rætt um stjórnmál á þeim nótum að þegar lýðræðið gefur stjórnmálamönnum ekki þá niðurstöðu sem þeir vilja þá sé lýðræðið vandamálið en ekki þeir sjálfir. En þannig tala nú stjórnmálamenn innan Evrópusambandsins.

Hin augljósa niðurstaða af öllum þessum atkvæðagreiðslum er sú sem þeir vilja ekki horfast í augu við – almenningur í þessum löndum vill minni samruna, ekki meiri. Írar voru ekki að hafna Evrópusamstarfi, ekki frekar en Hollendingar, Frakkar eða Danir áður. Þeir höfnuðu hins vegar aukinni miðstýringu og samruna sem er keyrður áfram af hagsmunum stjórnmála- og embættismanna, en ekki vilja fólksins sem kaus þá til starfa. Á meðan ráðamenn Evrópusambandsins horfast ekki í augu við þessa niðurstöðu er ríkjasambandið í vanda – en sá vandi er að verulegu leyti sjálfskaparvíti.

## Gæfusporið

**UMRÆÐAN**

Helga G. Guðjónsdóttir skrifar um heilsubót



HELGA G. GUÐJÓNSDÓTTIR

Vér göngum svo léttir í lundu, því lífsgleðin blasir oss við.“ Í anda þessarar ljóðlínu sé ég þá sem þátt taka í verkefninu „Gæfuspor“ á vegum Ungmennafélags Íslands. Verkefnið er hugsað sem hvatning til aldurshópsins sextíu ára og eldri til að fara út að ganga sér til heilsubótar og ánægju í góðum félagsskap.

Sparisjóðurinn er stærsti samstarfsaðili UMFÍ við verkefnið en hann mun afhenda öllu göngufólki vandaðan jakka til eignar, merktan verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar eru heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð.

Verkefninu verður hleypt af stað á fimm stöðum á landinu hinn 19. júní; Borgarnesi, Reykjanesbæ, Neskaupstað, Selfossi og Sauðárkróki. Fleiri staðir bætast síðan í hópinn smátt og smátt. Skráning hefst kl. 09.30 við sparisjóðinn á viðkomandi stað og gengið verður af stað kl. 10. Hvet ég alla þá sem eru sextíu ára ára og eldri til að mæta og taka þátt.

Í framhaldinu munu hóparnir ákveða hvenær og hvaðan þeir ganga. Aðalatriðið er að fara út að ganga á eigin forsendum, sér til ánægju í góðum hópi vina og félaga. Sérstakur bæklingur verður gefinn út samhliða verkefninu með ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir göngufólk og mun hann liggja frammi í Sparisjóðnum og á fleiri stöðum.

Á tímum velmegunar er fátt dýrmætara en heilsa og heilbrigður lífsstíll. Fjöldi rannsókna staðfestir að regluleg hreyfing er sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á heilsu og heilbrigði fólks á öllum aldri. Líkur á langvinnum sjúkdómum minnka og möguleikarnir á hamingjuríkara lífi aukast.

Ef þú tilheyrir aldurshópnum sextíu ára eða eldri, þá hugsaðu þig ekki um tvisvar. Náðu í gönguskóna inn í skáp og drífðu þig að taka þátt. Mættu við sparisjóðinn þinn og skráðu þig. Ávinningurinn er allur þinn.

Frekari upplýsingar um verkefnið er hægt að nálgast inni á heimasíðu UMFÍ, umfi.is, hjá umsjónarmanni verkefnisins, Ómari Braga Stefánssyni, omar@umfi.is og í síma 898-1095.

*Höfundur er formaður UMFÍ.*



**SKYGGNI ÁGÆTT**
Skyggni yfir útidyrum geta veitt gott skjól fyrir veðri og jafnvel vindum.
HEIMILI 3



**BEINT Í MENNINGUNA**
Iceland Express verður með beint flug til Edinborgar í október.
FERÐIR 4




Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
www.patti.is
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510




Lára ber hér sumarhattinn góða sem hún keypti í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gist í litlu skápaherbergi

***Lára R. Flosadóttir, kennaranemi og fræðsluleiðbeinandi í Vinnuskóla Reykjavíkur, hefur ferðast víða og ætlar að halda áfram að bæta viðkomustöðum í safnið á komandi árum.***

„Ég hef ferðast mikið til Svíþjóðar því ég bjó lengi úti og þar búa mamma mín og systir, nánar tiltekið í Lundi. En inni á milli hef ég farið eitthvert annað líka og í fyrrasumar stukkum ég og kærastinn frá Svíþjóð til Tyrklands,“ segir Lára.

Ferðin til Tyrklands var svokölluð hoppferð og var hún ákveðin á síðustu stundu. „Við vissum lítið hvar við myndum lenda en í þetta skipti var það Tyrkland. Við flugum til Antalya í Tyrklandi og þar settumst við upp í rútu til að fara eitthvert á Tyrknesku Rívíeruna. Þetta hljómaði allt svo vel að þetta hlaut að verða draumi líkast. Við vorum sett út úr rútunni í útkanti smáþorpsins Side í kolniðamyrkri. Á móti okkur tók lítill karl sem kom okkur fyrir í litlu skápaherbergi. Strax daginn eftir fluttum við okkur yfir á strandarhótel í borginni Alanya,“ útskýrir Lára.

Til þess að komast til Alanya fóru Lára og kærastinn í leigubílaferð sem þau munu seint gleyma. Bílstjórinn keyrði á milli akreina og öfugt út úr hringtorgi. „Ég hélt að ferðin myndi enda þennan dag. Síðar fór kærasti minn í klippingu á mjög flottri stofu þar sem uppstrílaður þjónn með hatt dekraði við hann og tveir menn sáu um klippinguna,“ segir Lára og bætir við: „Ég hefði betur skellt mér líka en treysti bara klipparanum mínum hérna heima. En mestallan tímann lágum við bara í sólinni og borðuðum góðan tyrkneskan mat sem við keyptum annað hvort í lókal bónusbúðinni eða á veitingastöðum.“ Lára mælir með að fólk skelli sér í hoppferðir til útlanda enda ódýrt og spennandi.

*mikael@frettabladid.is*


Fegurðin býr í felgunum...
Sólning býður eitt landsins mesta úrval af ál og krómfelgum
Verð frá 12.899*







SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Varahlutaverslun Björns Hellu, Lyngás 5, sími 487 5995
*pr. stk. 15 x 6,5 gatadeiling 4 x 100.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Bjallan** var mjög vinsæll bíll. Hún skráði sig á spjöld sögunnar með einstæðu útliti og lágri bilanatíðni. Volkswagen hóf aftur framleiðslu á henni árið 1993 og eru vinsældir hennar bara að aukast.



# Sett saman frá grunni

***Bjarni Kjartansson sölumaður hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um mótorhjól og allt sem þeim fylgir.***

Á yngri árum var Bjarni mikið í mótorkrossi en félagi hans var alltaf að reyna að fá hann til að skipta yfir í götuhjólin og einn daginn tókst honum það. Nú hefur Bjarni í rúmt ár verið að setja saman Harley Davidson-mótorhjól sem er hið glæsilegasta.

„Ég hafði aldrei verið á götuhjólunum en félagar mínir komu mér í kynni við þau og nú erum við allir að smíða okkar eigin mótorhjól. Hjólið er allt að smella saman og ég ætti að fara að geta hjólað á allra næstu dögum,“ segir Bjarni.

Bjarni byrjaði á því að kaupa sér stell og fór svo að tína saman hluti í hjólið sem honum þótti flottastir. „Hlutirnir sem ég hef keypt í hjólið koma víða að, bæði héðan að heiman og svo hef ég pantað að utan helling af hlutum. Svo er tvisvar á ári haldin samkoma Harley Davidson-eigenda þar sem allir hittast og skiptast á varahlutum og öðru tengdu Harley Davidson-mótorhjólunum. Ég hef gert mörg frábær kaup og mjög gaman að geta verið hluti af þessu samfélagi. Margir klukkutímar hafa farið í að púsla hjólinu saman og konan hefur orðið vör við það,“ segir Bjarni hlæjandi.

Bjarni hefur ákveðið ásamt félögum sínum að fara á næsta ári í Evrópuferð þar sem þeir ætla allir á hjólunum sínum sem þeir hafa verið að setja saman og eytt miklum tíma í. En fyrsti alvöru hjólatúrinn hér á landi, sem Bjarni ætlar að skella sér á, er landsmót bifhjólamanna á Snæfellsnesi og margt annað slíkt er á döfinni í sumar.



Hjólið hans Bjarna er vígalegt að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Hjólið ætla ég að eiga alla ævi og láta ganga í fjölskyldunni. Má segja að þetta verði ættargripurinn þegar fram líða stundir. Get ekki hugsað mér að láta það frá mér og því verður gaman að geta látið börnin og svo barnabörnin fá það þegar þau fá aldur til,“ segir Bjarni með bros á vör.

*mikael@frettabladid.is*


Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
PRENTSNID EHF
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka
NÝTT NÝTT
Varúðarljós • Ljóskastarar • Díóðuljós
Kelsa ljósagrindur fyrir flesta vörubíla
SV vörubílademparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir
Parlok vörubílabretti úr polyethylen
Ryðfríir kassar
margar gerðir
frábært verð
Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum
NÝTT NÝTT
Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla
og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330



Allt í húsvagninn...
...í settum fyrir handlagna
Gasmiðstöðvar
1900 - 2800W
frá aðeins kr. 79.048,- settið.
Vatnshitarar
13L gas / 220V
frá aðeins kr. 61.560,- settið.
Sólarsellusett í úrvali.
Fjarstýrð vagndrif
verð frá kr. 175.688,- settið
rotor
VERSLUN / VERKSTÆÐI
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900
www.rotor.is
lang - stærsti húsbílavefurinn
Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.

**Trampólín** eru mjög vinsæl á sumrin. Að hoppa á trampólíni er góð og skemmtileg hreyfing. Nauðsynlegt er þó að fara varlega á þeim. Ein helsta orsök slysa er röng notkun.





Þetta skemmtilega skyggni setur ákveðinn ramma um útidyrnar.



Gott er að hafa skyggnin aflíðandi eins og þetta upp á snjó og regn.

# Gott skyggni í öllum

***Mikil eftirspurn er eftir skyggnum yfir anddyri og úrvalið er mikið.***

Skyggni eru aðallega hugsuð sem skjól fyrir veðri og vindum en þar sem mörg þeirra gefa húsunum sterkari heildarsvip, hafa þau líka fagurfræðilegt gildi. Mikið er um steypt skyggni á eldri húsum en samkvæmt Sigurði G. Þorsteinssyni byggingarverktaka og stofnanda Smiðir.is er enn mikið um steypt skyggni. „Hægt er að fá skyggni úr gleri, áli, stáli, steypu og tré, en þau eru alltaf sérsmíðuð á húsin,“ útskýrir Sigurður. Sigurður bendir á að ending skyggnanna fari eftir því hvernig þau eru unnin. „Það er hægt að laga allt, umfangið fer bara eftir því úr hverju skyggnið er gert og frágangi.“ Hann mælir ekki með einu efni umfram annað. „Glerið er til dæmis mjög endingargott og endist jafnvel betur en steypan ef það brotnar ekki. Viðarskyggni eru líka notuð en þá þarf að vatnsverja þau vel að ofan,“ útskýrir Sigurður.

Sigurður álítur skyggni af þessu tagi nauðsynleg, sértaklega þar sem vindasamt er og í ljósi vinsælda skyggnanna virðast húsbyggjendur hugsa slíkt hið sama.

*klara@frettabladid.is*



Þetta skyggni setur sterkan svip á inngang hússins og veitir mikið skjól fyrir veðri og vindum.

## HVERJU BREYTTIRÐU SÍÐAST?



Svavar Knútur Kristinsson tónlistarmaður segist klaufi í höndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# *Svefnloft í risinu*

***Plássið er nýtt til hins ýtrasta í lítilli risíbúð í Hlíðunum.***

„Síðasta breyting heima hjá mér var sú að við breyttum gömlu geymslulofti í risíbúðinni minni í svefnloft,“ segir Svavar Knútur Kristinsson, tónlistarmaður og söngvari hljómsveitarinnar Hrauns. „Það er enn óklárað svo nú lítur íbúðin svolítið út eins og kafbátur en það er hægt að klifra upp lóðréttan stiga úr anddyrinu og upp á svefnloftið.“

Svavar er ánægður með breytinguna en vill ekki eigna sér heiðurinn af henni.

„Ég er skelfilegur klaufi í höndunum og verður voða lítið úr verki þegar á að breyta einhverju, en það er gott fólk í kringum mig sem er lagið í höndunum og hjálpar mér. Bandarískur vinur minn aðstoðaði mig við svefnloftið.“ Spurður hvort fleiri framkvæmdir væru á döfinni í sumar sagðist Svavar ekki reikna með að hafa tíma til þess vegna anna, en hann stóð í ströngu við undirbúning útgáfutónleika Hrauns sem fram fóru á mánudaginn var.

Hann lýsir stílnum heima hjá sér sem hálfgerðum „Góðahirðis-stíl“ og segist hrifnastur af gömlu og góðu. „Ég hef aldrei verið þátttakandi í stál- og glerhúsgagnatísku. Ég vel notagildið fram yfir tískustrauma.“

*- rat*





**Reykskynjarar** eru nauðsynlegir á hverju heimili. Áður en farið er í frí er ráðlegt að athuga hvort þeir virki ekki, ásamt því að fara yfir alla glugga og hurðir og sjá hvort allt sé ekki örugglega lokað og læst.

## Millipilsin í Húsinu

Í HÚSINU Á EYRARBAKKA ER ÁHUGAVERÐ SÝNING Á FLÍK SEM LÍTIÐ HEFUR VERIÐ FJALLAÐ UM ÁÐUR.



Hefðbundið millipils, ofið eftir aldamótin 1900.
MYND/LINDA ÁSDÍSARDÓTTIR

„Í dag er mjög athyglisverð sýning hér sem fjallar um þann fatnað sem minnsta athygli hefur vakið hér fyrr á tímum. Þetta var ekki yfirflík heldur undirflík. Þetta eru millipilsin svokölluðu," segir Lýður Pálsson, safnstjóri Hússins á Eyrarbakka. Hann bætir við að þetta sé flík sem konur hafi klæðst undir öðrum skrautlegri pilsum. „Millipilsin voru pils sem gerðu yfirpilsin aðeins vígalegri. Þau voru líka hlýr fatnaður," segir Lýður.

Sýningin, Faldarnir lyftust og síðpilsin sviptust, var opnuð í Húsinu á Eyrarbakka um miðjan maí og stendur alveg fram á haust. Hún er sett upp af Hildi Hákonardóttur og Ásthildi Magnúsdóttur. Á sýningunni eru um þrettán pils. „Pilsin eru ofin á tímabilinu 1880 til 1920 þegar þessi tíska var ríkjandi hér í íslenskri fatagerð. Engin tvö mynstur eru eins á þeim," upplýsir Lýður og segir að fyrir sig karlmanninn sé þetta áhugaverð sýning. „Þetta er ekki bara kvennasýning heldur sýning fyrir alla."

*- mmf*

# Aþena norðursins

***Flogið verður til Edinborgar í beinu flugi í haust. Iceland Express býður upp á eina ferð dagana 2.-5. október með gistingu og leiðsögn um borgina.***



Horft upp að Edinborgarkastala sem er tákn Edinborgar.

Edinborg, höfuðborg Skotlands síðan 1437, er ein vinsælasta ferðamannaborg Evrópu og af breskum áfangastöðum fær einungis London fleiri heimsóknir. Rétt um 460 þúsund manns búa í Edinborg og þúsundir stúdenta stunda þar nám, meðal annars fjöldi Íslendinga, en Edinborgarháskóli var stofnaður 1583. Borgin var og er oft kölluð Aþena norðursins vegna leiðandi stöðu sinnar í menntamálum og landslags borgarinnar.

Borgin skiptist í Old Town og New Town. Gamli bæjarhlutinn hefur staðið frá miðöldum en nýji bæjarhlutinn var reistur á átjándu öld. 1766 var haldin samkeppni um nýtt bæjarskipulag og átti 22 ára arkitekt, James Craig, vinningstillöguna. Skipulag New Town þykir enn í dag eitt best heppnaða borgarskipulag í Evrópu.

Edinborg á sér mikla sögu og hefur fóstrað mörg fræg skáld og rithöfunda. Má þar nefna höfund sögunnar um Dr. Jekyll og Mr. Hyde, Robert Louis Stevenson. Sir Arthur Conan Doyle bjó einnig í Edinborg en hann var höfundur Sherlock Holmes. Tony Blair fæddist einnig í Edinborg og gekk þar í skóla.

Í ferð Iceland Express til Edinborgar dagana 2.-5. október verður farið á söguslóðir og meðal annars verður Holyrood-höllin skoðuð en þar bjó María Skotlandsdrottning á 16. öld. Þar var elskhugi hennar einnig stunginn til bana. Frá höllinni liggur hin konunglega míla að Edinborgarkastala sem má kalla tákn Edinborgar. Farið verður að minnismerki heiðursborgara Edinborgar sem var hundurinn Bobby en hann sýndi húsbónda sínum þá tryggð að liggja á leiði hans í fjórtán ár. Allar ferðirnar verða undir leiðsögn.

„Við bjóðum upp á gott þriggja stjörnu hótel í miðborginni, Mercury Point, og skoðunarferðir um borgina undir leiðsögn Arnars Símonarsonar sem þekkir borgina mjög vel," segir Lilja Hilmarsdóttir, skipuleggjandi ferðarinnar hjá Iceland Express. „Borgin er öll eitt ævintýri. Þarna eru fínar verslanir og veitingastaðir og skemmtilegar krár og upplagt fyrir fyrirtæki og hópa að halda árshátíð í Edinborg."

*heida@frettabladid.is*

Súpersól til Salou

27. júní og 4. júlí

frá kr. 29.995

Terra Nova býður frábært tilboð til Salou í lok júní og byrjun júlí. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf.

Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Kr. 29.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð. Súpersól tilboð, 27. júní eða 4. júlí í viku.
Aukavika kr. 15.000.

Kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna saman í herbergi / stúdíó / íbúð. Súpersól tilboð, 27. júní eða 4. júlí í viku.
Aukavika kr. 15.000.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 - 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 - www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099



## Tölvur




## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2500 Kg - Hraðlyfta (QL). Verð 28600 - PON ehf - S. 552 0110 www.pon.is

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840 7273, Halldór.

## Verslun




## HÚSNÆÐI Í BOÐI




Stærri limur
betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



5-7KÍLÓ á 9 Dögum Komdu þér af stað með Hreinsipakka frá Aloe Vera S.6978928 Sigga

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. Orka, vellíðan, betri svefn og aukakílóin hreint fjúka. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun**
2-4 saman, betra verð bubbigunn@worldclass.is

Sími 897-2400

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Ferðanudbekkir, óléttubekkir og bómullarlök enn á gamla genginu. S. 891 6447, Óli.

Heilnudd, slökun og vellíðan (ekki erótískt) s: 690-8876

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## HEIMILIÐ

## Heimilistæki



Retro cappuccinovélin, lagar cappuccino, te, latte, espresso.Falleg og handhæg vél fyrir heimilið eða sumarbústaðinn. kr. 27.900. Margir litir. www.kaffifelagid.is -Skólavörðustíg 10

## Dýrahald



Tilboð á stórum búrum m/flísmottu 1006 búr # Stærð: L 120 . B 75 . H 83 aðeins 12,500 kr .www.liba.is

til sölu african grey 16 mánaða handmataður og rosalega gæfur fugl talar og er mjög skemmtilegur allir fylgihlutir koma með uppl i sima 8454030

## Ýmislegt







## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 866 3063.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Herb. til langtíma leigu í Reykjavík & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

Rúmgóð geymsla í risi til leigu er staðsett í 101 Rvk. Uppl. í s. 770 6090.

**Laust strax-room for rent**
Til leigu rúmgott herb. á frábærum stað í hlíðunum, nálægt öskjuhlíðinni og stutt í allar áttir. Sam. eldunaraðstaða og afnot af tveimur baðherb. Afnot af þvottavél. Laust strax. Uppl. s. 863 3328/ 846 0408

Fín 3 herb. íbúð. 80 fm sv.111. með/án húsg. Leiga 135 þ. með öllu. Laus 1.8 eða fyrr. s:6617379

Flott 3herb. íbúð með húsg til leigu í 201 kóp frá 20/8-20/12 155.000 á mán, uppl 899-1016.

Falleg 65 fm íbúð í Vogahverfi, uppl. í s. 868 5171.

65 ferm. 2ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Uppl. í síma 898 6634.

Íbúð til leigu í Mosfellsbæ Íbúðin er 94 fm að stærð Þrjú svefnherbergi og sér þvottahús Skamtímaleiga Laus strax uppl. í síma 864-7374

176fm í 203 Kóp. eldra einbýli til leigu, 3 svefnh. Leiga 190 þús á mán + trygg + raf. og hiti. Allt nýtekið í gegn. Vinsamlegast sendið uppl. á. husid@visir.is

## FASTEIGNIR

### Sogavegur 144

108 Reykjavík
Gæsileg 4ra herb. á besta stað.

**Stærð: 120 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan



**BÓKIÐ SKOÐUN** **Verð: 37.500.000**





Mjög góð 4ra herbergja íbúð í þessu vinsæla gróna hverfi. Vel skipulögð 120 fm neðri hæð. Íbúðin er tilbúin til afhendingar á næstu dögum og afhendist fokheld að innan en hitalögn verður komin í gólf. Að utan skilast húsið fullbúið og málað. Garðurinn skilast fullbúinn tyrfður með hellum og sólpalli. Hitalögn verður í plani sem og á hellulögðum svæðum í garðinum. Öll þjónusta og verslun eru í göngufæri. Kjörin eign fyrir þá sem vilja búa miðsvæðis en þó á kyrrlátum stað í nýju húsnæði.

Ingólfur Ingvarsson
Sölufulltrúi
**8937806**
ingolfur@remax.is



Örn Gunnarsson
Sölufulltrúi
**861 7757**
og@remax.is



Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is



**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

### STRÁKSMÝRI 10 OG 12

SKORRADALUR
Sumarhús með gestahúsi

**Stærð: 100 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 2007**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan



**GLÆSILEGT ÚTSÝNI** **Verð: 25.000.000**





Til sölu glæsileg sumarhús, 75 fm + 25 fm risloft, ásamt 20 fm gestahúsi, í landi Indriðastaða í Skorradal. Aðeins 60 mínútna akstur frá Reykjavík. Vatnasport,sundlaugar, golf, gönguferðir, hestaleiga, klettaklifur ofl. Hitaveita á svæðinu. Glæsilegur golfvöllur í uppbyggingu í göngufæri frá Stráksmýri. Skorradalur er þekktur fyrir fádæma veðursæld og stórfenglega náttúru. Góðir greiðsluskilmálar í boði. Samskonar hús eru einnig til sýnis og sölu, tilbúin til flutnings, að Fitjum 16 á Kjalarnesi

Ingólfur Ingvarsson
Sölufulltrúi
**8937806**
ingolfur@remax.is



Örn Gunnarsson
Sölufulltrúi
**861 7757**
og@remax.is



Elísabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali
elisabet@remax.is



**RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is**

Til leigu ósamþykkt 3 herb. íbúð í atvinnuhúsnæði á Höfðanum. Ca. 80 fm. 100 þ. á mán. Uppl. s. 843 6061 & bjorn@icecharter.com

Til leigu skrifstofuherbergi á Höfðanum ca. 20 fm. Aðgangur að ljósritun. 29 þ. á mán. Uppl. s. 843 6061 & bjorn@icecharter.com

200 fm hús til leigu, flottur garður. Sími 864 5432.

Til leigu 260 fm nýstandsett Parhús á Smáragötu, 101 Rvk til leigu. Leiguverð 300.000 kr. á mánuði. Áhugasamir hafi samband við hannes@remax.is

3herb risíbúð í 105Laugadal leigð frá 1.ág. 145þús hiti og hússj innifalið S:6905571 zenpandan@internet.is




## Sumarbústaðir






**Sumarbústaðarhlið**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd ofl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S. 486 1810 vig@vig.is www.vig.is

## Atvinnuhúsnæði

200 Fm Verslunarhúsnæði í Bæjarlind til leigu, Laust fljótlega. S: 897-5505

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

„...fyrst á visir.is“

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Margrét 699 1060**

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf við afgreiðslu (ekki sumarstarf) ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta nauðsynleg**
**Uppl. í s. 866 0060 Ingibjörg & 897 0702 Sirrý.**

SUBWAY

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur frá 23:45-8 og 7 nætur frí. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna í síma: 530-7004. Aldurstakmark er 18 ár. Íslenskukunnátta er æskileg en annars mjög góð enskukunnátta skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

**Pylsuvagninn í Laugardal**
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

**Aktu taktu**
Aktu Taktu Aktu Taktu Mjódd er að leita að vaktstjóra sem er 22 ára og eldri. Vinnufyrirkomulag 1-2 virk kvöld og önnur hver helgi. Mjög góð laun í boði. Aðeins reglusamt, heiðarlegt og duglegt fólk kemur til greina. Umsóknir á www.aktutaktu.is

Hlaðbær colas óskar eftir meiriprófsbilstjóra. Vinnuvélaréttindi er kostur. nánari upplýsingar í S: 5652030

Smiðir-Verkamenn-Flekauppsláttur: Óskum eftir vönum smiðum og verkamönnum í flekauppslátt. Uppl. 856 5555

**Starfsfólk óskast**
Starfskraftur óskast í Zinkstöðina í Hafnafirði. Fyrirtækið er staðsett í iðnaðarhverfinu sunnan hafnarfirðar. framtíðarstarf í boði fyrir réttann aðila. Nánari uppl. veitir Ragnar í s. 896 5759 á skrifstofutíma 8-17.

**PRACA OD ZARAZ**
Firma, Zatrudni. Fachowcow, glazurników-murarzy. Z doswiadczeniem. Dobre Zarobki. 847 2209.

**G.G Lagnir**
Óskum eftir meiraprófsbílstjóra og gröfumanni. Uppl. í s. 660 8870, www.gglagnir.is.

**Wink Hársnyrtistofa**
Vegna anna erum við að leita að færum klippurum, duglegum nemum og aðstoðarfólki sem vilja vinna með okkur. Opið til 20 á sumrin. Uppl. í s. 820 4247.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

Smiði vantar vinnu. Getum byrjað strax. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Smávaxin kisa, týndist 15.06, svört og hvít, í krókavaðinu, verlaun 2000 kr. simi 5671642.

## Tilkynningar

ÞÚ VERÐUR AÐ ANDA OFAN Í HÁLSMÁLIÐ Á HONUM EÐA TAKA DÝPT
Dalí, Akureyri

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)



# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

**GRUNNSKÓLI HÚNAÞINGS VESTRA**
**530 HVAMMSTANGI**
**S: 455-2900 / 455-2910**

**Kennari eða þroskaþjálfi** óskast til starfa við Grunnskóla Húnaþings vestra í 50-60% starf. Um er að kennslu / þjálfun og umönnun einhverfs nemanda þar sem m.a. er unnið að atferlisþjálfun.

Upplýsingar veitir Ágúst Jakobsson skólastjóri í síma 4552911 eða 8478812. Umsóknum skal skilað til Grunnskóla Húnaþings vestra, pósthólf 90, 530 Hvammstangi, **fyrir 15. júlí.**

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

## Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótelkeðju Íslands?

**Eftirfarandi sumarstörf eru í boði**

**Fosshótel Barón, Reykjavík:**
Starfsmaður í móttöku (dagvaktir), 100% starf
Starfsmaður í móttöku (dagvaktir), 100% starf

**Fosshótel Skaftafell, Skaftafelli**
Starfsmaður í móttöku (næturvaktir) 100% starf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á íslensku og ensku (þriðja tungumálið kostur en ekki skilyrði)
- Þjónustulund, gestrisni og vingjarnleiki
- Tölvu-, og skipulagsfærni
- 20 ára lágmarksaldur

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is

Viðkomandi þarf að geta hafið starf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kjerúlf (Fosshótel Barón), í síma 562 3204 eða í gegnum tölvupóstfangið sigridur@fosshotel.is og Dóra Guðrún Ólafsdóttir (Fosshótel Skaftafell) í síma 4781945 eða í gegnum tölvupóstfangið (dora@fosshotel.is)






2ja-5 herbergja íbúðir í 30 íbúða húsi við Löngulínu 9-11 og Vesturbrú 1 í Sjálandi í Garðabæ. Bílageymsla með flestum íbúðum. Mjög góð staðsetning í nálægð við skóla, leikskóla og fallegt umhverfi, svo sem baðströnd, smábátahöfn og góðar gönguleiðir.

**Söluaðilar:**

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

**ISABELLA ROSSELLINI AÐGERÐARSINNI OG LEIKKONA ER 56 ÁRA.**

*„Flestar auglýsingar koma inn minnimáttarkennd hjá fólki til að geta síðan boðið lausn á vandanum.“*



***Isabella Fiorella Elettra Giovanna Rossellini er dóttir leikkonunnar Ingrid Bergman og leikstjórans Roberto Rossellíni. Hún hefur starfað sem leikkona, söngkona og fyrirsæta og hefur verið í forsvari fyrir ýmis mannréttindamál.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JÚNÍ 1873

## *Susan Anthony sektuð í kosningum*



Susan B. Anthony fæddist 15. febrúar árið 1820 í Massachusetts. Hún var bráðþroska, orðin læs og skrifandi aðeins þriggja ára. Faðir hennar, sem var verksmiðjueigandi, var framsýnn maður og vildi að dóttir hans fengi menntun. Hins vegar voru kennarar ekki á sama máli og hún var sniðgengin í barnaskóla vegna kynferðis síns. Föður hennar ofbauð og hann tók að sér að kenna dóttur sinni sjálfur. Þessi reynsla varð sennilega til þess að Susan B. Anthony varð ein helsta baráttukona fyrir réttindum kvenna á nítjándu öld í Bandaríkjunum.

Síðar launaði hún föður sínum þá trú sem hann hafði á henni og vann sem kennari til að greiða skuldir hans, þegar hann varð gjaldþrota. Hún ferðaðist víða um heim til að berjast fyrir réttindum kvenna og árið 1873 var hún sektuð um 100 dollara fyrir að greiða atkvæði í forsetakosningum árið áður. Þá höfðu konur ekki kosningarétt og hún var handtekin fyrir athæfið.

**MERKISATBURÐIR**

1000 Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason koma að landi í Vestmannaeyjum með kirkjuvið frá Ólafi konungi Tryggvasyni. Þaðan halda þeir til Alþingis að boða kristna trú.
1777 Flatey á Breiðafirði fær kauptúnsréttindi.
1900 Flutningur á pósti og farþegum með hestvögnum hefst.
1936 Kristján X konungur kemur til landsins með föruneyti sínu og ferðast norður í land og víðar.
1944 Hátíðahöld í Reykjavík vegna stofnunar lýðveldisins.
1972 Mannbjörg verður þegar togarinn Hamranes ferst úti af Snæfellsnesi. Mikil réttarhöld urðu vegna slyssins.

AFMÆLI



**Paul McCartney** bítill er 66 ára.



**Tinna Gunnlaugsdóttir** þjóðleikhússtjóri er 54 ára.



**Kristbjörg Kjeld** leikkona er 73 ára.



**Viðar Eggertsson** leikstjóri er 54 ára.

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og hluttekningu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Emils Ragnarssonar**

skipaverkfræðings.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 11E á Landspítala og á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir auðsýnda alúð og umhyggju.

**Birna Bergsdóttir**
**Kristín Emilsdóttir** **Helgi G. Björnsson**
**Sólveig Berg Emilsdóttir** **Guðmundur Árnason**
**Ragnar Þór Emilsson** **Hildur Hrólfsdóttir**
**Bergur Már Emilsson** **Helena Hilmarsdóttir**
**Eva María Emilsdóttir** **Karl West Karlsson**
**og barnabörn.**

†



*Elskuleg dóttir mín, eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Steinþóra Gústafsdóttir**

Smiðjustíg 6, Grundarfirði,

lést þann 16. júní sl. á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 21. júní kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Jórunn Normann Frímannsdóttir**
**Ívar Árnason**
**Gústav Ívarsson** **Herdís Gróa Tómasdóttir**
**Árni Ívar Ívarsson** **Arna Böðvarsdóttir**
**Benedikt Gunnar Ívarsson** **Iðunn Kjartansdóttir**
**Marvin Ívarsson** **Inga Björk Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Júlíusdóttir**

Álfhólsvegi 30, Reykjavík,

sem lést 10. júní sl. verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 20. júní kl. 15.00.

**Guðlaug Eygló Elliðadóttir** **Ari Reynir Halldórsson**
**Júlíus Elliðason** **Ása Ásgrímdóttir**
**Þröstur Elliðason** **Ásthildur Sumarliðadóttir**
**Magnús Elliðason**
**Guðrún Elliðadóttir** **Svavar Valur Svavarsson**



**FYRSTA EINKUNN Í BÁÐUM FÖGUM** Líney Halla útskrifaðist síðasta laugardag með BS-gráður í eðlisfræði og stærðfræði. Hún fékk fyrstu einkunn í báðum fögum og hlýtur styrk úr verðlaunasjóði Guðmundar Bjarnasonar frá Sýruparti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÍNEY HALLA KRISTINSDÓTTIR: ÚTSKRIFAÐIST MEÐ TVÆR HÁSKÓLAGRÁÐUR

# Hreyfing, metnaður og þrjóska

Líney Halla Kristinsdóttir útskrifaðist síðastliðinn laugardag með tvær BS-gráður, eina í eðlisfræði og aðra í stærðfræði. Meðaleinkunnin hjá Líneyju var 9,41 í stærðfræði og 9,59 í eðlisfræði.

„Mér tókst þetta með þolinmæði, þrjósku og metnaði,“ segir Líney en hún lærði að jafnaði tíu til tólf klukkustundir á dag fyrstu þrjú árin. Á fjórða árinu leyfði hún sér að slappa aðeins af á kvöldin. Hún vill meina að hreyfing skipti öllu máli fyrir einbeitingu og úthald í lestrinum. „ Ég var dugleg að synda, hjóla og skokka og sú klukkustund sem ég gaf mér í hreyfingu skilaði sér margfalt til baka í náminu.“

Líney þurfti einungis að bæta við sig einu aukaári til að ná BS-gráðum í báðum fögum. „Það er auðvelt að samnýta mikið af áföngunum sem ég var í þar sem eðlisfræði og stærðfræði eru skyld fög. Ég tók yfirleitt aðeins meira en fullt nám á hverju ári og þannig hafðist þetta.“ Líney hefur lengi haft áhuga á eðlisfræði og stærðfræði. „Maður kynnist samt eðlisfræðinni lítið í grunn- og framhaldsskóla. Ég vissi í raun lítið út á hvað þessi fög gengu fyrr en ég var komin í háskóla,“ segir Líney einlæg.

Það eru ekki margar stelpur sem sækja þessi fög í háskólanum en þeim hefur þó fjölgað í stærðfræðideildinni. Árgangur Líneyjar í eðlisfræðinni var líka nokkuð stór og var hún ekki sú eina sem stóð sig vel þar því meðaleinkunnin yfir allan hópinn í ár var yfir níu. Að sögn Líneyjar er það öllu hærra en gengur og gerist.

Hvað framtíðina varðar ætlar Líney ekki að taka sér frí frá námi heldur stefnir hún á meistaranám í eðlisfræði strax í haust og því næst í doktorsnám. „Námsmenn á Íslandi eru heppnir með hvað þeir fá langt sumarfrí. Ég hef alltaf náð að hvíla mig vel á sumrin eftir alla vinnu vetrarins. Mitt besta ráð til endurnæringar er að komast í sauðburð, en ég reyni alltaf að gera það á vorin strax eftir próf,“ segir Líney kímin.

Líney hyggur á nám við Lundarháskóla í Svíþjóð í haust. Hún og kærasti hennar, sem einnig er í eðlisfræði, eru heldur óráðin með hvaða svið þau ætla að velja sér innan eðlisfræðinnar þannig að það kemur líka til greina að fara til Bandaríkjanna í frekara nám.

Á föstudaginn mun Líney fá veittan styrk úr verðlaunasjóði Guðmundar Bjarnasonar frá Sýruparti, en hann veitir afburðanemum í eðlisfræði og efnafræði veglegan styrk að námi loknu. „Það eru ekki margir sem vita af þessum styrk, en hann er mikil hvatning fyrir nemendur,“ segir Líney ánægð.

**klara@frettabladid.is**



Fallegir legsteinar á góðu verði
Englasteinar
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Legsteinar
í miklu úrvali
REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is


KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Villibráðakryddaðar lambalærissneiðar

frá Kjarnafæði

**1.398** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg

30 % afsláttur

## Lambakótelettur í raspi

frá Kjarnafæði.

**1.198** kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg.

40 % afsláttur






### Piparsteik (beinlaust)

frá Kjarnafæði.

**1.998** kr./kg.

Merkt verð 2.220 kr./kg.

10 % afsláttur



### BBQ Svínarif

frá Kjarnafæði.

**558** kr./kg.

Merkt verð 798 kr./kg.

30 % afsláttur



### Brauðskinka

frá Kjarnafæði.

**958** kr./kg.

Merkt verð 1.598 kr./kg.

40 % afsláttur



### Hrásalat

frá Kjarnafæði.

350 gr. á

**95** kr.



allt & sumt

# BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00






# STUÐ MILLI STRÍÐA Sjálfsblekking og vatnspyntingar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** FER EKKI AFTUR ÚT AÐ SKOKKA Á ÞESSU ÁRI



Það er komið að því. Árlegri sjálfsblekkingu, sem nær yfirleitt hámarki á þessum tíma árs – þegar sólin skín og hlýtt er í lofti. Þá hellist yfirleitt yfir mig einhver löngun, sem annars er kirfilega bæld og grafin í innstu sálarkimum mínum, til að fara að stunda íþróttir. Og það úti við. Þeir sem mig þekkja eru þegar farnir að hlæja. Það eina sem ég hef nokkurn tíma iðkað sem gæti fallið undir íþróttir hefur farið fram innanhúss og það í speglasölum.

Útiíþróttir hafa aldrei nokkurn tíma verið mín sterka hlið. Ég hef að vísu farið í nokkrar fjallgöngur, en það var aðallega til að komast í fjallgöngunammið – ljúffenga blöndu af salthnetum, rúsínum og suðusúkkulaði. Annars hef ég aldrei liðið jafn sárar kvalir og í íþróttatímum undir beru lofti. Boltaíþróttir og ég eigum enga samleið og frjálsar má líka afskrifa. Að rétta mér stöng eða spjót væri ávísun á þvílíkar hörmungar að ég fer ekki nánar út í það hér, til að hlífa viðkvæmum sálum.

Þá eru það hlaupin. Ég gerði hetjulega tilraun til þess að fara út að hlaupa í síðustu viku. Ég reimaði á mig skóna, stakk iPodinum á mig og hljóp af stað niður að sjó uppfull af eldmóði. Ég var komin framhjá þremur ljósastaurum þegar ég áttaði mig á því af hverju þessi geysimikla þörf til að fara út að hlaupa lýstur mig ekki nema einu sinni á ári. Mér finnst ekkert í veröldinni leiðinlegra. Ég finn ekki þessa hugarró sem frelsaðir hlauparar tala um. Fyrir mig er hvert skref eins og kínverskar vatnspyntingar, þar sem dropi eftir dropa er látinn falla á andlit manns þar til hann missir vitið.

Þar sem mér er nokkuð annt um mitt vit, þótt lítið sé á köflum, sneri ég snarlega við. Svo settist ég út á svalir með ísblóm. Mun ánægjulegri leið til að njóta útivistar í sumarveðrinu. Næst fer ég á ylströndina og tek með mér sundbolta. Ég fer mér ekki að voða með hann og get tæplega slasað aðra.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝJAR BÆKUR



Út er komin hjá Háskólaútgáfunni bókin Frá manni til manns eftir Harald Ólafsson, próf. emeritus. Ævi hvers manns er þroskasaga frá upphafi til enda, frá ósjálfbjarga ungbarni til fullþroska mannveru. Á svipaðan hátt hefur mannkynið þróast frá fyrstu mannverunum sem hófu langa för fyrir milljónum ára, til nútímamannsins sem býr yfir þekkingu og hefur skapað fjölbreytta menningu. Haraldur Ólafsson skipulagði fyrstur manna nám í mannfræði við Háskóla Íslands og kenndi þar í hartnær þrjá áratugi.



Bókin Frá Sýrlandi til Íslands: Arfur Tómasar Postula eftir Jón Ma. Ásgeirsson og Þórð Inga Guðjónsson kom nýverið út hjá Háskólaútgáfunni. Í henni eru þrjú rit kennd við Tómas postula gefin út á einni bók, Tómasarguðspjall, Tómasarkver og Tómas saga postula, en öll eru þau talin eiga uppruna sinn á Sýrlandi. Bókinni er skipt í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er að finna þrjá yfirlitskafla um Tómasarkristni. Í öðrum hluta eru formálar að útgáfum ritanna þriggja. Í þriðja og síðasta hluta eru ritin sjálf með lesbrigðaskrám og skýringum.

Bókin Nýsköpunar og frumkvöðlafræði eftir Ívar Jónsson kom nýverið út á vegum Háskólaútgáfunnar. Bókin fjallar um nýja fræðigrein, sem hefur skapað sér fastan sess við háskóla á Vesturlöndum, helstu viðfangsefni hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Gerð er grein fyrir hvers vegna skólaspeki viðtekinnar hagfræði og hagrænnar frjálshyggju er gagnslítil til skýringar á hreyfiöflum nýsköpunarstarfsemi. Jafnframt er fjallað um snertifleti hennar við sálfræði, félagsfræði og stjórnmálafræði.



Nýverið kom út í kilju bókin Stalíngrad eftir Antony Beevor. Orustan um Stalíngrad var ekki einungis sálfræðilegur vendipunktur síðari heimsstyrjaldarinnar; hún breytti einnig nútímahernaði. Í bókinni er lýst reynslu hermanna sem börðust við ómannúðlegar aðstæður, svo og reynslu óbreyttra borgara sem sátu fastir mitt í átökunum. Sagnfræðingar og gagnrýnendur um víða veröld hafa borið lof á þessa bók Antony Beevor um orrustuna miklu. Bókaútgáfan Hólar gefur út.



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Bílvél böðuð koparsúlfati

Ekki fór allt sem skyldi á Tilraunamaraþoninu sem haldið var í byrjun Listahátíðar í Reykjavík í síðasta mánuði. Þar ætlaði listamaðurinn Roger Hiorns að fremja gjörning sem því miður varð ekkert af þar sem að koparsúlfat sem hann ætlaði að nota til verksins kom ekki til landsins í tæka tíð.

En nú er koparsúlfatið komið til landsins og því boðar Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu til tilraunar sem gestir geta fylgst með í fjóra daga. Tilraunin er gerð í nokkrum þrepum og fer fyrsti hluti hennar fram á morgun á milli kl. 17 og 22. Gjörningurinn felst í því að bílvél nokkur verður böðuð í koparsúlfatinu í fjóra daga og má vænta þess að hún sæti nokkrum breytingum við meðferðina. Safngestir geta fylgst með því kl. 17 þegar tæknimenn listasafnsins hefjast handa við að blanda upplausnina sem vélin verður síðan sett í. Blandan getur reynst hættulegt við snertingu og þurfa þeir sem blanda hana að gæta sérstakrar varúðar. Hún ætti þó ekki að valda skaða þeim sem horfa á. Koparsúlfatið þarf að leysast upp við ákveðið hitastig og sömuleiðis þarf að gæta vel að því að vélin sé sett í upplausnina á réttum tímapunkti. Þetta ferli getur tekið nokkrar klukkustundir en lýkur á fimmtudagskvöldinu.



**KLÆÐIST BLÁU** Hér má sjá segulkubb sem Roger Hiorns baðaði koparsúlfati.

Síðari hluti tilraunarinnar felst í því að taka vélina upp úr koparsúlfatslausninni og verður það gert að viðstöddum gestum á sunnudag kl. 14. Þá verður spennandi að fylgjast með hvaða breytingar hafa átt sér stað á bílvélinni, en kenningunni samkvæmt ætti hún að skrýðast glæsilegum bláum hjúp eftir meðferðina. - vþ

# Glímt við öfuguggahátt

Skáldafélagið framsækna Nýhil lætur ekki deigan síga frekar en fyrri daginn og efnir til krassandi ljóðaveislu á Næsta bar, Ingólfsstræti 1a, í kvöld kl. 20.30.

Ærin ástæða er fyrir hátíðahöldunum enda eru nú 100 ár liðin frá því að Íslendingur tók í fyrsta skipti þátt í Ólympíuleikunum. Kvöldið er þannig sérstaklega helgað glímukappanum Guðmundi Sigurjónssyni Hofdal sem tók þátt á Ólympíuleikunum í Lundúnum árið 1908 fyrir Íslands hönd. Hann er jafnframt eini Íslendingurinn sem dæmdur hefur verið fyrir „sódómíu“.

Til að hylla þennan merka mann stíga á stokk ýmis ung og öfugsnúin skáld sem hylla lífsvilluna með ljóðum sínum. Hópinn skipa þau Kristín Eiríksdóttir, Ingólfur Gíslason, Kristín Svava Tómasdóttir, Jón Örn Loðmfjörð, Bergþóra Einarsdóttir, Gísli Hvanndal, Una Björk Sigurðardóttir og Arngrímur Vídalín. - vþ



**KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR** Eitt skáldanna sem koma fram á Nýhil-kvöldinu á Næsta bar í kvöld.

www.toyota.is




Toyota - Varahlutir

Núna er 15% afsláttur af rúðuþurrkum hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota um allt land.
Gildir til 30. júní 2008. Njóttu sumarsins og fegurðar landsins í gegnum hreina framrúðu.
Komdu og skiptu um þurrkur – fyrir ánægjulegri akstur.

Viðurkenndir Toyota varahlutir í alla bíla, alls staðar.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi, Nýbýlavegi 2-8, Kópavogur, Sími: 570-5070
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf., Bæjarflöt 13, Reykjavík, Sími: 577-7080
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, Akureyri, Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19, Reykjanesbær, Sími: 420-6600
Toyota Selfossi, Fossnesi 14, Selfoss, Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi, Miðási 2, Egilsstaðir, Sími: 470-5070
Bílatangi ehf., Suðurgötu 9, Ísafjörður, Sími: 456-4580
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, Sauðárkrókur, Sími: 455-4500
Bílaleiga Húsavíkur ehf., Garðarsbraut 66, Húsavík, Sími: 464-2500

> ALLT EINS

Casey Affleck finnst það ekkert merkilegra að vera leikari en hvað annað. „Ég hef sagað við og hellt steypu og þvegið diska og þjónað og selt pylsur sem höfðu ekki verið í kæli í marga daga í brauði sem hafði verið nagað af rottum og ég hef verið í aukahlutverki í bíómyndum og ég hef verið í aðalhlutverki. Ekkert er betra en annað. Þetta er bara mismunandi, gefandi og lítillækkandi á mismunandi vegu.“



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Dýrslegt eðli og samskipti

„Það liggur í raun ekkert handrit fyrir, heldur munum við vinna það í spuna á æfingatímabilinu. Þetta verður svokallað „devised“ leikhús þar sem sýningin er unnin út frá hugmynd en ekki handriti,“ segir Dóra Jóhannsdóttir leikkona um sýninguna Húmanímal sem hún undirbýr um þessar mundir ásamt fríðum hópi leikara. „Hugmyndin á bakvið verkið er sambönd fólks og dýrslegt eðli þess þegar kemur að hefðum svo sem hjónaböndum, en svo mun það ráðast hvert það leiðir okkur þegar við förum að æfa,“ segir Dóra, en meðal leikara eru Jörundur Ragnarsson, Friðrik Friðriksson, Álfrún Örnólfsdóttir og tónlistin verður í höndum Gísla Galdurs úr Trabant.

„Við förum öll saman í bústað um daginn til að byrja að spinna aðeins og hafa gaman, en í lok júlí ætlum við að fara á Patreksfjörð í tíu daga æfingabúðir. Heimamenn voru svo almennilegir að bjóða okkur fría æfingaaðstöðu og til að launa þeim gestrisnina ætlum við að halda leiklistar- og dansnámskeið fyrir ungmennin á staðnum og Gísli Galdur verður með plötusnúðanámskeið,“ segir Dóra og útskýrir að námskeiðin verði á morgnana en hópurinn muni æfa eftir hádegi.



**HÚMANIMAL** Álfrún Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson eru meðal leikenda í nýrri sýningu sem sett verður upp í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

**HJÓNASÝNING** Jörundur Ragnarsson leikur stórt hlutverk í sýningunni.

# Antonio tælir konurnar

**Antonio Banderas hefur nú sett á markaðinn nýtt ilmvatn fyrir konur. Ilmvatnið heitir Blue Seduction for Women og mun lyktin vera blanda af sítrusilmi, rósum, jasmín og berjum. Antonio mun sjálfur sjá um að kynna og auglýsa ilmvatnið. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem kappinn kemur að framleiðslu ilmvatns því hann hefur áður sent frá sér ilm undir sama nafni ætlaðan karlmönnum.**



# Ilmvatn frá Angelinu?

Það bendir allt til þess að Angelina Jolie verði næsta stjarnan til að hanna ilmvatnslínu undir eigin nafni, en nú þegar hafa stjörnur á borð við Jennifer Lopez, Christinu Aguilera, Gwen Stefani og Naomi Campbell slegið í gegn með ilmvötnum sínum.

Leikkonan er sögð vera að vinna með franska ilmvatnsframleiðandanum Coty, sama fyrirtæki og framleiddi ilmvatn Söruh Jessicu Parker. Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Mail on Sunday hefur Angelina sterkar skoðanir á framleiðslunni og segir að hún muni eingöngu samþykkja ilm sem hún telur lýsandi fyrir sig.



**ILMUR ANGELINU** Angelina Jolie er sögð vera að vinna að framleiðslu á nýju ilmvatni undir eigin nafni.



**LIFIR GÓÐU LÍFI** Garðveislan eða Garden Party lifir enn góðu lífi og áhorfendur kunnu vel að meta að heyra þennan sígilda poppslagara aftur.

# Garðveisla að hætti hússins

**Hljómsveitin Mezzoforte bauð til alvöru „garðveislu“ í Hljómskálagarðinum og lék þar fyrir gamla og nýja aðdáendur sína. Tilefnið var ærið; 25 ára voru liðin síðan lagið Garden Party sló í gegn á erlendri grundu.**

Íslenska þjóðarsálin skildi árið 1983 að íslensk tónlist gæti náð árangri í útlöndum eftir nokkrar árangurslausar „meik“-ferðir. Lag Mezzoforte komst þá inn á vinsældarlista og heyrðist meðal annars eitt sinn í Derrick-þættinum sem sýndir voru á RÚV við miklar vinsældir. Hljómsveitin mætti galvösk í hlýja goluna sem lék um höfuðborgarbúa á mánudaginn og lék við hvurn sinn fingur. Sýndi og sannaði að hún hafði engu gleymt. Töluverður fjöldi mætti og hlýddi á meistaraverkið og var gerður góður rómur að spilamennskunni. Að sjálfsögðu var boðið upp á grillaðar pylsur og með því eins og í alvöru garðveislum.



**ALLT TIL ALLS** Gestir gátu gætt sér á grilluðum pylsum og pylsubrauðum en slíkt er náttúrlega ómissandi hlutur í alvöru garðveislu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HRAFN Í STUÐI** Kvikmyndaleikstjórinn Hrafn Gunnlaugsson sat á „fremsta“ bekk og sést hér fyrir miðju myndar. Við hlið hans er Ljudmila, barnsmóðir hans, og sonur þeirra Aron.




Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?

Þá er hér tækifæri sem þú ættir að hugleiða.



Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár (2008–2009) sem hefst 1. september nk. Þú þarft að hafa góða söngrödd og tónheyrn. Byrjendur fá þjálfun í raddbeitingu, samhljómi og að lesa/styðjast við nótur. Nánari upplýsingar veitir formaður Fóstbræðra Smári S. Sigurðsson í síma 8633247, netfang nsn@internet.is

Fóstbræður er ein elsta tónlistarstofnun landsins og hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn hefur frá upphafi flutt metnaðarfull verkefni og sem dæmi komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í viðamiklum verkefnum. Fóstbræður hafa frumflutt ýmis stærri verk fyrir karlakóra og líka slegið á létta strengi t.d. sungið með Stuðmönnum og á sínum tíma voru 14 Fóstbræður mjög vinsælir. Fóstbræður hafa unnið til verðlauna í erlendum söngkeppnum og síðast hlaut kórinn gullverðlaun á tónlistarhátíð Musica Sacra í Pag. Í júlí syngja Fóstbræður á sumarlistahátíð í Vilnius með hinni þekktu Christophers Chamber Orchestra. Kórinn fer reglulega í söngferðir innanlands sem utan.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
STOFNAÐUR 1916


# Nicole er ekki gift

Sögusagnir um meint brúðkaup Nicole Ritchie og kærasta hennar, Joel Madden, hafa lengi verið á sveimi. Á bloggi sínu skrifar Madden, sem er söngvari hljómsveitarinnar Good Charlotte, að síðustu daga hafi hann fengið mörg símtöl frá vinum og vandamönnum sem halda að þeim hafi ekki verið boðið í brúðkaup parsins sem átti að hafa verið um síðustu helgi. Madden segir ástæðuna fyrir því vera einfalda: það var ekkert brúðkaup. Í lok færslunnar slær Madden á léttari strengi og segir að næst fái fólk líklega fregnir af meintum skilnaði þeirra „hjóna“.

Þetta þýðir þá væntanlega að klukkurnar eru líka hættar að hringja hjá Paris Hilton, en hótelerfingjann langar mikið til að feta í fótspor vinkonu sinnar og hefja reglusamt og rólegt fjölskyldulíf með Benji Madden.



**EKKI GIFT** Nicole og Joel eru ekki gift. Og það þýðir væntanlega að Paris Hilton og Benji Madden ætli að bíða með sitt brúðkaup.


12"
12"
12"
12"
12"
18. - 24. júní
Stjörnuvika
SUBWAY
allir 12 tommu bátar á...
600kr.
SUBWAY
í fínu formi
Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Fitjum Njarðvík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ
Gildir ekki með öðrum tilboðum.




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5D - 8D - 11D | 7 |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 12 |
| IRON MAN | kl. 10:30 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 3D - 6D - 9D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 6 - 9 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 3D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 8 - 10:50 | 7 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10:20 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5:40 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl 8 | 7 |
| WHAT HEPPENS IN VEGAS | kl. 8 | L |
| THE FORBIDDEN KINGDOM | kl. 10:10 | 12 |

SAMbio.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS | kl. 4D - 7D - 10D | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | 10 |
| | | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| | | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 7 |
| FLAWLESS | kl. 8 | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 5.45 - 8 | 16 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.45 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 - DIGITAL | kl. 5, 8 og 11 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5, 8 og 10.15 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 og 9 | 14 |


# Vegglistamenn vilja frelsi til að mála

Vegglistamenn eru óánægðir með nýja stefnu borgarinnar í garð listar sinnar. Starfsmenn á vegum borgarinnar hafa málað yfir slík verk, oft í óþökk eiganda lóðarinnar. „Borgin er að rotna eins og hún er núna, það má alveg gefa henni smá lit,“ segir Ólafur Guðmundsson listamaður en nokkur verka hans hafa horfið af húsveggjum síðustu daga. Nokkrir húseigendur hafa sýnt því áhuga að fá húsgafla í sinni eigu myndskreytta.

Magnús Leifsson, grafískur hönnuður, hefur sömu sögu að segja, „þessi nýja stefna gerir engan greinarmun á veggjakroti og veggjalist,“ segir hann. Ólafur og Magnús segja jafnframt að í flestum tilvikum séu verkin gerð með samþykki húseigandans og því sé ekki um spellvirki að ræða. „Okkur finnst borgin ganga of langt í þessu framtaki sínu og fengum því fund með Jakobi Frímanni og tjáðum honum óánægju okkar,“ segir Magnús.

Þeir félagar vonast til að geta fundið einhvern milliveg í málinu í samráði við yfirvöld og draumurinn sé að vegglistamenn fái jafnvel ákveðin svæði þar sem þeir geti stundað list sína. „Enn hefur ekkert komið út úr fundinum með Jakobi, en við munum skila inn skýrslu um málið bráðlega og svo er bara að bíða og sjá,“ segir Magnús. Annar listamaður, Sara Riel, sem skreytt hefur nokkra húsgafla í miðbænum tekur í sama streng, „Ég hef orðið vör við óánægju bæði hjá borgarbúum og listamönnum vegna þessa máls. Persónulega finnst mér gatan vera góður vettvangur fyrir list og hún á að vera sýningastjóralaus,“ segir hún. **- sm**


**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON OG MAGNÚS LEIFSSON** Vilja að borgaryfirvöld greini á milli veggjakrots og vegglistar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ók á vespu til Akureyrar

**Í miðri bensínkreppunni eru eflaust einhverjir sem hugsa sig tvisvar um áður en þeir leggja í þjóðvegina á bensínfrekum bifreiðum. Vespueigendur geta hins vegar auðveldlega komist norður í land fyrir lítið fé.**


**VESPUKAFFI** Vespueigendur lögðu af stað frá Saltfélaginu á laugardag og var Jóhann að sjálfsögðu með í för.

„Ég neita því ekki að ég bar svolítinn kvíða í brjósti áður en ég lagði í hann,“ segir Jóhann V. Norðfjörð, framkvæmdastjóri Borgarbíós á Akureyri. Hann gerði sér lítið fyrir og keyrði á vespu frá Reykjavík til Akureyrar á laugardaginn. „Ég komst að því að sá kvíði var óþarfur,“ segir Jóhann, sem fékk vespuna afhenta á föstudaginn en hún er af gerðinni Piaggio GTS 250. Vespa Jóhanns er sú kraftmesta sem seld er hér á landi og því átti hann ekki í erfiðleikum með að halda umferðarhraða. Það sem stendur upp úr er þó kostnaðurinn. „Ég borgaði 1.700 kall í bensín og 200 kall í göngin,“ segir Jóhann, sem til samanburðar hafði farið tíu ferðir til Reykjavíkur á stuttum tíma á Toyota Land cruiser jeppanum sínum. „Það kostar nánast meira að borga í göngin fyrir fjölskyldubílinn en bensínið alla leið norður. Hamborgarinn og nammið í Staðarskála var dýrara en kostnaðurinn við vespuna,“ segir hann.

Jóhann var í um fjórar klukkustundir á leiðinni norður, með stoppi í kjötsúpu á Brú og hamborgara í Staðarskála. „Það var þurrt veður og smá gjóla. Ég er með stóra framrúðu á Vespunni þannig að ég var bara í logni. Svo kemur heitur blástur frá vélinni,“ segir Jóhann. „Svo heyrðist maður náttúrunni svo vel. Ég var að heyra fuglahljóð meira að segja.“

Jóhann segist glaður mundi fara hringinn kringum landið á Vespunni. „Ég myndi biðja um að fá að fara með hringinn. Ef þú veist um einhvern sem er að fara, biddu hann endilega að láta mig vita því ég ætla með,“ segir Jóhann, sem stefnir að því að mæta á vespunni á landsmót Sniglanna í sumar. Enda Snigill númer 2.050. „Já, ég er búinn að vera að segja við félagana að ég muni mæta þangað. Mér finnst mótorhjólamenn líka vera byrjaðir að viðurkenna þessi hjól. Fyrst voru allir að segja við mig að ég gæti allt eins ekið um á Kitchen Aid hrærivél.“

Áður en Jóhann lagði í hann til Akureyrar fór hann í Vespukaffi með hópi fólks á Íslandi sem á Piaggio-vespur en það var Gunnar Hansson, umboðsaðili vespa á Íslandi, sem stóð fyrir því. Að því loknu sendi hann vinum og ættingjum mynd af sér með skilaboðunum. „Er að leggja í hann.“ Viðbrögðin voru að sögn Jóhanns nær undantekningalaust: „Jói minn, ertu viss?“ „Áhyggjur þeirra og kvíði reyndust óþörf, rétt eins og hjá mér.“

**soli@frettabladid.is**


**„ER AÐ LEGGJA Í HANN.“** Myndin sem Jóhann sendi vinum og ættingjum áður en hann keyrði á vespu til Akureyrar.

# Langar að sigra

Helgina 20. til 22. júní verður kvikmyndahátíðin Wild Sand Film Festival haldin í Toronto, en hátíðin er sérstök fyrir þær sakir að hún er helst ætluð teiknimyndum. Myndlistarkonan Sara Gunnarsdóttir tekur þátt í keppninni í ár með tónlistarmyndband sem hún gerði fyrir sænsku söngkonuna Mapei.

Sara útskrifaðist af myndlistarbraut Listaháskóla Íslands árið 2005 og hefur meðal annars haldið sýningu í versluninni Belleville, þar sem hún sýndi handmáluð hjólabretti. Á hátíðinni er keppt í nokkrum mismunandi flokkum og mun Sara keppa í einum þeirra. „Ég held ég muni keppa í flokki með öðrum tónlistarmyndböndum, þó ég hafi sótt um í flokk ætluðum stuttmyndum,“ segir Sara. Að sumri loknu hyggur Sara á frekara nám í Kaliforníu þar sem hún mun leggja stund á tilraunakennda hreyfimyndateiknun, eða experimental animation eins og það heitir á ensku. Spurð um hvort hún haldi að hún eigi eftir að bera sigur úr býtum segir Sara.


**TEIKNIMYNDAKEPPNI** Sara Gunnarsdóttir tekur þátt í alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Toronto.

„Mig langar að vinna, þannig að ég vona það.“ Þeim, sem vilja kíkja á myndbandið, er bent á vefsíðuna www.myspace.com/mapei. **- sm**

# Eiginkona Snoop handtekin

**Eiginkona rapparans Snoop Dogg var handtekin á dögunum fyrir að keyra undir áhrifum áfengis. Shante Broadus mun mæta fyrir rétt einhvern tíma á næstunni og mun þá bætast í hóp þeirra mörgu Hollywood-stjarna sem hafa verið handteknar fyrir sömu sök. Shante og Snoop Dogg hafa verið gift frá árinu 1997 og eiga þau saman þrjú börn. Hjónakornin virðast eiga eitthvað erfitt með að halda sér á beinu brautinni því Snoop hefur sjálfur verið handtekinn fyrir vörslu eiturlyfja.**



**Í VANDA** Eiginkona Snoop Dogg var handtekin fyrir ölvunarakstur.

# Fiskurinn Wanda á svið

John Cleese áformar að breyta kvikmyndinni A Fish Called Wanda í söngleik. Myndin naut mikilla vinsælda þegar hún kom út árið 1988, og nú vinna Cleese og dóttir hans, Camila, að því að búa til söngleik úr ræmunni. Cleese ku vonast til þess að honum takist að feta í fótspor kollega síns úr Monty Python, Eric Idle, sem tókst að koma söngleiknum Spamalot á laggirnar.

„Við erum búin að laga söguna til og ætlum að prófa að gera nokkra lagatexta, og ef það kemur í ljós að við séum vonlaus í því – sem ég býst sterklega við – fáum við textahöfund í þetta með okkur,“ segir Cleese.

A Fish Called Wanda varð um leið aðsóknarmesta kvikmyndin í sögu Bretlands og það var ekki fyrr en Fjögur brúðkaup og jarðarför kom út að hún missti þann titil. Cleese fór sjálfur með hlutverk lögfræðingsins Archie Leach sem lendir í klónum á miklu svikakvendi en endar á því að verða ástfanginn af henni. Kevin Kline fékk Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína sem hinn kolklikkaði og ákaflega heimski Otto West.



**CLEESE** Hyggst gera söngleik eftir kvikmyndinni Fiskurinn Wanda eða A Fish Called Wanda.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Amy Winehouse** er lítið vinsæl hjá rússneska billjónamæringnum **Roman Abramovich**, eiganda knattspyrnuliðsins Chelsea. Hann lét í síðustu viku fljúga söngkonunni til Moskvu til að koma fram við opnun listagallerís sem kærasta hans á. Fyrir þetta fékk söngkonan greiddar tvær milljónir dollara. Hún lét hins vegar bíða eftir sér í tvo tíma og mun ekki hafa verið í neinu ástandi til að koma fram – við litla hrifningu Abramovich.



**Billy Bob Thornton**, fyrrverandi eiginmaður **Angelinu Jolie**, hefur ekki mikla trú á sambandi hennar og **Brads Pitt**. „Hún er að ganga í gegnum eitthvert menntaskólatímabil og með því að velja Brad er hún að hitta strákinn í fótboltaliðinu. Hún á eftir að vakna upp af þessum draumi, en spurningin er hvort ég verð til staðar þegar hún nær áttum á ný,“ segir Billy Bob, samkvæmt Femalefirst. Jolie og Pitt eiga nú von á tvíburum, en þau eiga fjögur börn fyrir.



**Tom Hanks** kom brúði til bjargar í Róm á dögunum, þó að vandi hennar hafi hálfpartinn verið honum að kenna líka. Hann er nú við tökur á myndinni Englar og djöflar þar í borg og vegna þeirra hafði nokkrum götum verið lokað. Á meðal þeirra sem sátu fastir í bílum sínum var brúðurin **Natalia Moore**, sem var orðin tuttugu mínútum of sein í eigið brúðkaup. Þegar Hanks frétti af því lét hann stöðva tökurnar og fylgdi Moore persónulega yfir torgið og að kirkjunni. Hetjuleg frammistaða.






**Viltu taka daginn snemma í sumar?**

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Póst húsið





## > Atvik umferðarinnar

Skelfileg dómaramistök á Valbjarnarvelli. Varnarmaður HK sendi boltann inn fyrir á Þróttarann Hjört Hjartarson sem kominn var aleinn í gegn. Línuvörðurinn flaggaði og Örvar Sær Gíslason dómari stöðvaði leikinn. Kolrangur og ótrúlegur dómur sem hafði þó ekki áhrif á úrslit leiksins.

## > Bestu ummælin

Þróttarinn Eysteinn Lárusson um dómaramistökin sem valið var atvik umferðarinnar: „Ég tek ofan fyrir öðrum aðstoðardómaranum sem viðurkenndi mistökin eftir leikinn og baðst afsökunar. Ég held að það megi aðrir taka það til fyrirmyndar, hann vissi að þetta voru mistök og það er lítið hægt að segja við þessu. Þeir gera mistök eins og við leikmennirnir."

**sport**
sport@frettabladid.is

**7. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** KEFLVÍKINGAR EINIR Á TOPPNUM

# *Stöðugir FH-ingar loks stöðvaðir*

FH hefur heilt yfir spilað stöðugasta fótboltann í sumar. Fyrir leikinn gegn Blikum hafði liðið ekki tapað leik og því fögnuðu eflaust allir nema FH-ingar þegar Blikar unnu 4-1. Loksins kom tapið sem þýðir að Keflvíkingar eru einir á toppnum. Þökk sé einu fallegasta marki umferðarinnar frá Andra Steini Birgissyni, í eigið net, fengu þeir þrjú stig gegn Grindvíkingum.

Þróttur vann HK 2-1. Rúvarinn Hjörtur Hjartarson skoraði þar en var heppinn að leikurinn náðist á myndband. Hvorug sjónvarpsstöðin var á vellinum en áhugamaður myndaði leikinn. Björgólfur Takefusa skoraði þrennu gegn Fylki en KR er þó enn í áttunda sæti deildarinnar. Óviðunandi segja Vesturbæingar, sem sýndu þó flotta takta í 3-0 sigrinum.

ÍA er enn í vandræðum en Skagamenn gerðu markalaust jafntefli í hrútleiðinlegum leik gegn Val á Skipaskaga. Leikur Fjölnis og Fram var heldur ekki mikið fyrir augað, þar vann Fram 1-0 með fjórða markinu sem skorað er beint úr hornspyrnu í sumar. Ótrúlegt.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 17, Breiðablik
**Flest skot á mark:** 9, FH
**Fæst skot:** 5, Fylkir
**Hæsta meðaleink.:** 7,0 KR
**Lægsta meðaleink.:** 4,0 FH
**Grófasta liðið:** 21 brot, ÍA
**Prúðasta liðið:** 10 brot, Breiðablik
**Flestir áhorf.:** KR-Fylkir, 1.103
**Fæstir áhorf.:** Þróttur-HK, 555
**Áhorfendur alls:** 5.186

> **Besti dómarinn:** Garðar Örn Hinriksson hlaut hæstu einkunn fyrir sjöundu umferðina hjá Fréttablaðinu. Hann fékk 8 í einkunn fyrir að dæma viðureign ÍA og Vals á Akranesi.

# Hugarfarsbreyting hjá KR

**Þrenna Björgólfs Takefusa gegn Fylki tryggir honum útnefninguna leikmaður 7. umferðar hjá Fréttablaðinu. Hann segir heppnina loksins vera komna með sér í lið. Andrúmsloftið er léttara í Vesturbænum og andinn hefur aldrei betri.**

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa skoraði þrennu gegn sínum gömlu félögum í Fylki í 3-0 sigri KR á sunnudag. Hann er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu. Hann fór frá Fylki eftir sumarið 2005 og skoraði tvö mörk gegn Árbæingum 2006.

„Ég reyni nú samt ekkert meira á mig gegn þeim en öðrum," sagði Björgólfur léttur í gær. „Ég var skelfilegur fyrstu tvo eða þrjá leikina í sumar. Alveg hörmulegur. Svo hefur þetta gengið aðeins betur, heppnin hefur loksins aðeins verið með mér í þessu. Hún þarf að gera það. Vonandi helst hún út tímabilið."

Björgólfur er markahæstur í deildinni með sex mörk í sex leikjum, þar af eitt úr víti. Guðmundur Steinarsson hefur skorað sex mörk í sjö leikjum, þrjú úr vítum. „Ég er þegar búinn að bæta þennan frábæra árangur frá því í fyrra," sagði Björgólfur í kaldhæðnistón en hann skoraði aðeins fjögur mörk í fyrra.

„Þetta er langbesti sóknarleikur sem við höfum spilað frá því ég kom. Mér finnst ég aldrei hafa verið í jafn miklu liði frá því ég kom," sagði Björgólfur og átti þar við andann í liðinu. „Í síðustu leikjum höfum við verið sem eitt lið og það er kominn meiri léttleiki í þetta. Menn eru ekki að taka hlutunum of alvarlega. Þú nærð ekki árangri í neinu ef þú hefur ekki gaman að því."

KR átti lélegt tímabil í fyrra og er sóknarmaðurinn ekki í vafa um hvað var að. „Léttleikinn er eitthvað sem vantaði síðasta sumar. Það var aldrei neinn léttleiki og menn voru bara í þunglyndi. Það þýðir ekkert. Við höfum talað um það í sumar, til dæmis eftir Keflavíkurtapið, að passa að við dettum ekki of mikið niður í volæði. Við viljum bara svara fyrir okkur inni á vellinum sem við og gerðum."


**LOKSINS KOM HEPPNIN** Björgólfur sýnir auðmýkt í viðtalinu í dag. Hann var lélegur í upphafi móts en hefur nú skorað sex mörk í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björgólfur segir að hausinn á mönnum hafi verið tekinn í gegn, þar á meðal á sér sjálfum, þá sérstaklega eftir slaka leiki í fyrstu umferðunum. „Mér finnst tvímælalaust hafa verið hugarfarsbreyting hérna í Vesturbænum. Það var skömm að fyrstu leikjunum, ég hef aldrei verið slakari í fótbolta en þarna. En hugarfarið breyttist kannski. Ég var settur á bekkinn gegn FH en fékk svo tækifæri þar sem ég náði að skora. Eftir það hefur gengið ágætlega," sagði Björgólfur, sem hefur skorað í þremur leikjum í röð.

Björgólfur hrósaði einnig Loga Ólafssyni þjálfara, sem hann segir hafa komið með nauðsynlegar áherslubreytingar og títtnefndan léttleika. „Við reynum að halda honum í sumar þrátt fyrir misjafnt gengi. Við þurfum að fá stöðugleika í okkar úrslit en mér hefur fundist vera stígandi í okkar leik í sumar."

Einn af þeim sem hjálpað hafa liðinu mikið að mati Björgólfs er Markús Kislich, fiðlusmiður og lyftingaþjálfari. „.Við höfum aukið okkur í styrk. Óskar Örn Hauksson er orðinn til dæmis orðinn helmassaður. Hann er reyndar alltaf duglegur í bekknum, að sýna okkur eftir æfingar og svona. Hann hefur í það minnsta tekið einhverjum framförum," sagði Björgólfur Takefusa.

hjalti@frettabladid.is


**SLAPPIR** Guðjón Þórðarson hefur ekki náð að kveikja í Skagaliðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA:

# Versta byrjunin á hans ferli

**FÓTBOLTI** Skagamenn hafa ekki byrjað vel í sumar og hafa aðeins fengið 6 stig út úr fyrstu sjö leikjum sínum. Þeir eru í 10. sæti og sleppa við fallsæti á aðeins betri markatölu en Grindavík.

Þetta er ellefta tímabil Guðjóns Þórðarsonar sem þjálfara í efstu deild og lið hans hefur aldrei fengið færri stig eða skorað færri mörk í fyrstu sjö leikjum sínum. Skagaliðið í sumar slær út lið KA frá 1990 þegar það var að verja Íslandsmeistaratitil sinn frá árinu áður. KA tapaði þá fyrstu fjórum leikjum sínum en þeir fóru allir fram á útivelli. Skagamenn hafa hins vegar spilað fjóra af sjö leikjum sínum í sumar uppi á Akranesi. - óój

**FÆST STIG ÚT ÚR FYRSTU 7 UMFERÐUNUM:**
**- Lið Guðjóns í efstu deild**

| | |
|---|---|
| 2008 ÍA | 6 stig (Markatala: 6-10) |
| 1990 KA | 7 (7-11) |
| 2007 ÍA | 8 (11-13) |
| 1989 KA | 9 (10-8) |
| 1988 KA | 10 (7-10) |
| 1994 KR | 11 (11-3) |
| 1995 KR | 12 (8-7) |
| 1987 ÍA | 12 (12-11) |
| 1992 ÍA | 15 (10-5) |
| 1996 ÍA | 18 (22-8) |
| 1993 ÍA | 18 (25-7) |


**BREYTINGAR** Josep Guardiola er tekinn við á Nývangi. NORDICPHOTOS/AFP

Guardiola tekinn við Barca:

# Stjörnuútsala

**FÓTBOLTI** Josep Guardiola er tekinn formlega við Barcelona og hann ætlar að byggja upp nýtt lið. Guardiola tilkynnti það á blaðamannafundi að Ronaldinho, Samuel Eto'o og Deco mættu allir fara frá liðinu en hann ætlaði hins vegar að halda þeim Thierry Henry og Rafael Marquez.

Guardiola er sagður vera á eftir þeim David Trezeguet hjá Juventus og Emmanuel Adebayor hjá Arsenal en framtíð Eiðs Smára Guðjohnsen var aftur á móti ekkert rædd á þessum blaðamannafundi. - óój

Ivan Klasnic þakkar Guði:

# Mark á EM eftir nýrnaígræðslu

**EM 2008** Í janúar 2007 bilaði nýrað í Ivan Klasnic. Hann fékk í sig grætt nýra frá móður sinni sem líkami hans tók ekki við. Skömmu síðar fékk hann annað frá föður sínum og þá gekk allt að óskum. Níu mánuðum síðar sneri hann aftur í fótbolta og á mánudag skoraði hann á EM fyrir Króata í 1-0 sigri á Pólverjum.

„Ég er ánægður bara að vera hérna. Þetta er eins og bónus frá Guði, þetta er draumur að rætast og ég þakka Guði að ég geti enn spilað fótbolta," sagði Klasnic. - hþh




KR-ingar standa sig vel án Gunnlaugs Jónssonar í Landsbankadeild karla:

# Eru miklu betri án fyrirliðans

**FÓTBOLTI** Logi Ólafsson, þjálfari KR, hugsar sig örugglega tvisvar um áður en hann setur Gunnlaug Jónsson aftur í byrjunarlið KR í Landsbankadeild karla.

Gunnlaugur hefur misst af tveimur leikjum í sumar, þeim fyrri vegna leikbanns en þeim seinni vegna meiðsla, og KR hefur unnið þá báða og haldið marki sínu einnig hreinu.

Í þeim fimm leikjum sem Gunnlaugur hefur spilað hefur KR-liðið aðeins nælt í 3 af 15 mögulegum stigum, ekki tekist að halda marki sínu hreinu og hefur alls fengið á sig 11 mörk eða 2,2 að meðaltali í leik.

Pétur Marteinsson hefur tekið stöðu Gunnlaugs í miðju KR-varnarinnar með góðum árangri (7,5 í meðaleinkunn hjá Fréttablaðinu í þessum leikjum) og Jónas Guðni Sævarsson tók við fyrirliðabandinu og hefur stýrt liðinu með góðum árangri af miðjunni.

Markatala KR þessar 180 mínútur án Gunnlaugs er 5-0 en 7-11 þær 450 mínútur (25 mínútur út af með rautt) sem hann hefur spilað.


**ÞRJÚ STIG** KR hefur fengið 3 stig í þeim 5 leikjum sem Gunnlaugur Jónsson hefur spilað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hefur því ýmislegt breyst frá árinu 2006 þegar Gunnlaugur missti síðast af leik en hann lék alla leiki KR-liðsins sumarið 2007. Gunnlaugur missti af einum leik sumarið 2006 og það var vegna leikbanns.

KR-ingar fóru þá án hans til Grindavíkur og töpuðu 5-0 þar sem einmitt Jóhann Þórhallsson fór illa með KR-vörnina. Jóhann komst hins vegar lítið áleiðis gegn KR á sunnudagskvöldið þegar hann mætti á KR-völlinn í Fylkisbúningnum. - óój



ALLT ÁKVEÐIÐ Lagerbäck er með fyrir fram ákveðnar hugmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Úrslitaleikur Svía og Rússa:

## Svíum dugar jafntefli í dag

**EM 2008** Svíar komast áfram í átta liða úrslit EM ef þeir tapa ekki leiknum gegn Rússum í dag. Spánverjar eru þegar komnir áfram úr D-riðli en Grikkir munu sitja eftir. Svíar eru með elsta hópinn á EM en Rússar þann yngsta. Sænski þjálfarinn Lars Lagerbäck vonar að það hjálpi sínu liði.

„Við verðum að koma tilbúnir til leiks. Við erum búnir að ákveða allar skiptingar og breytingar fyrir fram undir vissum kringumstæðum. Það er mikilvægt í þessum leikjum þar sem spilað er upp á líf og dauða,“ sagði Lagerbäck en liðið sem kemst áfram mætir Hollandi, sem vann C-riðilinn. Guus Hiddink, þjálfari Rússa, telur að Svíar séu ekki líklegir til að spila upp á jafntefli. „Ég held að hugsunarháttur þeirra leyfi það ekki. Þeir eru of opnir til þess,“ sagði Hiddink. - hþh



HÍ Á ÞIG Ítalinn Christian Panucci hlær hér að Thierry Henry eftir að Frakkinn hafði klúðrað færi í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rúmenar nýttu ekki gullið tækifæri á EM gegn Hollendingum í gær:

# Ítalía fór áfram með Hollandi

**FÓTBOLTI** Úrslitin í Dauðariðlinum á EM réðust í gær. Holland var þegar komið í átta liða úrslitin og Rúmenar áttu kost á því að skilja Ítala og Frakka eftir með hagstæðum úrslitum gegn Hollendingum. Það gekk ekki eftir. Rúmenar töpuðu fyrir Hollendingum, 2-0, og Ítalir unnu sannfærandi sigur á Frökkum, 2-0. Holland og Ítalía komust því áfram.

Landsliðsþjálfarar Frakka og Ítala höfðu báðir gert talsverðar breytingar á byrjunarliðum sínum. Helsta athygli vakti að Thuram var horfinn úr miðri vörn Frakka og hans stöðu tók Abidal.

Lubos Michel flautaði víti á 24. mínútu er Abidal braut á Toni. Hárréttur dómur sem og sú ákvörðun að henda Abidal af velli, en hann var aftasti maður er hann braut á Toni. Grátlegur endir á lélegum leik hjá Abidal, sem var í tómu rugli þær mínútur sem hann spilaði. Andrea Pirlo tók vítið og skoraði af fádæma öryggi.

Ítalir sóttu sem óðir væru í kjölfar marksins og ráðvilltir Frakkar vissu vart í hvorn fótinn þeir áttu að stíga. Toni fékk færin sem fyrr en var einstakur klaufi.

Frakkar byrjuðu síðari hálfleik ágætlega en það voru engu að síður Ítalir sem bættu við marki á 62. mínútu. De Rossi tók aukaspyrnu af löngu færi. Boltinn hafði viðkomu í Henry, breytti um stefnu og fór í markið.

Leikurinn dó nánast í kjölfarið og Ítalir fögnuðu vel í leikslok.

Marco van Basten skipti nánast öllu liði Hollendinga út fyrir leikinn gegn Rúmenum en það virtist ekki koma að sök.

Klaas-Jan Huntelaar kom þeim yfir á 54. mínútu og Robin van Persie bætti öðru marki við skömmu fyrir leikslok. Hollendingar kláruðu því riðilinn með fullt hús. - hbg

Björk Gunnarsdóttir:

## Búin að jafna Margréti Láru

**FÓTBOLTI** Það stefnir í harða baráttu um gullskóinn í Landsbankadeild kvenna. Stjörnustúlkan Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö mörk í 4-0 sigri á Fylki og er þar með búin að ná Valskonunni Margréti Láru Viðarsdóttur sem hefur unnið gullskó deildarinnar fjögur ár í röð.

Björk og Margrét Lára hafa skorað sjö mörk í fyrstu sjö leikjunum en KR-ingurinn Hólmfríður Magnúsdóttir er síðan í þriðja sætinu með 6 mörk og þær Hrefna Huld Jóhannesdóttir (KR), Málfríður Erna Sigurðardóttir (Val) og Berglind Björg Þorvaldsdóttir (Breiðabliki) hafa allar skorað fimm mörk. - óój

Chris Coleman:

## Ánægður að fá Aron Einar

**FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við 1. deildarlið Coventry City. Liðinu stýrir Chris Coleman, fyrrverandi stjóri Blackburn og Fulham, sem er ánægður með kaupin.**

**„Aron er gríðarlega hæfileikaríkur ungur leikmaður og það er frábært að hann hafi ákveðið að ganga til liðs við okkur. Við vorum ekki þeir einu sem höfðu áhuga á honum en hann er mjög hæfileikaríkur,“ sagði Coleman. „Hann er góður á boltann og er ekki hræddur við návígin. Hann er ungur en hefur þegar sannað sig á stóra sviðinu og ég er ekki í vafa um að hann geti orðið mikilvægur hlekkur í liði okkar á næsta tímabili,“ sagði Coleman í lofræðu sinni.** - hþh

Jón Þ. Stefánsson meiddist í endurkomu sinni:

# Jón er ristarbrotinn og hnéð farið aftur

**FÓTBOLTI** Það á ekki af Jóni Þorgrími Stefánssyni að ganga. Hann hefur aðeins spilað í 49 mínútur á þessu Íslandsmóti með Fram, sem hann gekk til liðs við eftir síðasta sumar. Hann skoraði í 3-0 sigrinum á Fylki í fyrstu umferð en meiddist svo á hné og fór út af eftir 24 mínútur. Hann lagði hart að sér til að snúa aftur sem hann og gerði gegn Fjölni á mánudag.

Hann kom inn sem varamaður á 40. mínútu en fór útaf 25 leikmínútum síðar eftir tæklingu. Eftir hana stendur Jón vart í báðar lappir, hann gengur um á hækjum með brotna rist á hægri fæti í gipsi og vinstra hnéð á honum, það sama og hann meiddist á áður, er aftur orðið slæmt.

„Ég hef nægan tíma til að jafna mig í hnénu. Ég verð í gipsi í að minnsta kosti mánuð og ef ég verð heppinn get ég spilað aftur í ágúst,“ sagði Jón, sem var eðlilega langt niðri og ekki í mikilli þjóðhátíðarstemningu þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

„Ég er reyndar með góða nýtingu,“ sagði Jón, með húmorinn í lagi þrátt fyrir áfallið, eitt mark í einum hálfleik er enda ekki slæmt. Ekki er ljóst hvað amar að því hnénu, Jón fer í ómskoðun á því síðar. Hann kláraði að horfa á 1-0 sigurleikinn áður en hann fór upp á spítala.

Jón segist hafa verið nokkuð heppinn með meiðsli á sínum ferli og horfir nú fram á veginn. „Sem betur fer hef ég kraftaverkamanninn Gauta Laxdal á mínu bandi. Ég hef óbilandi trú á honum. Ef það er hægt að tjasla mér saman eitthvað fyrr þá gerir hann það,“ sagði Jón, sem vildi sjá rautt spjald á tæklinguna sem heldur honum frá fótbolta í tæpa tvo mánuði. Eyþór Atli Einarsson fékk gult spjald fyrir hana.

„Mér fannst þetta ansi hörð tækling. Frá mínum bæjardyrum er þetta klárt rautt spjald. Hann kemur aftan í mig, en ég veit ekki hvernig þetta lítur út í sjónvarpinu. Mér finnst algjör brandari að menn fái gul spjöld fyrir léttar stimpingar og peysutog en það sé ekki tekið harðar á fljúgandi tæklingum en þetta,“ sagði Jón. - hþh



ÓHEPPINN Jón Þorgrímur Stefánsson ætlar ekki að ná mörgum mínútum með Fram í sumar en hann er aftur meiddur og verður lengi frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



> **Bruce Willis**

„Þú getur ekki breytt fortíðinni en þú getur vel sleppt því að endurtaka mistökin í framtíðinni," sagði Willis en hann leikur í myndinni 16 Blocks sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLMUNDUR HÓLM ER HRIFINN AF EM SAMANTEKT

# Þorsteinn Joð hækkar verðmiðann á EM

Ég, eins og allir sannir Íslendingar, horfi á EM. Reyndar ekki alla leikina því sumir þeirra eru ekki nógu merkilegir fyrir mann með dýrmætan tíma. Þá er gott að geta horft á góða samantekt. Og einmitt þar kemur Þorsteinn J. Vilhjálmsson sterkur inn. Ég hef séð Þorstein J. sinna mörgum verkefnum í sjónvarpi og hefur hann leyst þau öll af mikilli vandvirkni. Enda með eindæmum metnaðargjarn í sinni þáttagerð. Þó hef ég hvergi séð hann eins funheitan og í EM samantektinni sem hann stýrir af mikilli prýði. Í fyrsta lagi skín í gegn ástríða hans á fótbolta. Í öðru lagi kryfur hann leikina algerlega til mergjar. Í þriðja og síðasta lagi er það „attitjúdið" hjá honum. Menn komast ekki upp með neitt múður í settinu, hann lætur menn standa fyrir máli sínu.

Honum innan handar eru svo Pétur Marteinsson og Auðun Helgason. Þeir eru ólíkir og virka vel saman. Auðun er þessi mjúki maður sem er ekki að styggja neinn en hefur mikið til síns máls alla jafna. Pétur er hins vegar grjótharður og hikar ekki við að segja að hitt og þetta lið sé hundleiðinlegt.

Ég vil sjá Þórhall Gunnarsson notast meira við Þorstein J. þegar kemur að fótbolta. Að vísu á RÚV ekki réttinn að neinum almennilegum bolta fyrir utan EM. Það er jafnvel möguleiki að Hilmar Björnsson fái Þorstein yfir á Stöð 2 Sport í fulla vinnu og láti hann sjá um umfjallanir um Enska boltann. Þorsteinn J. hreinlega hækkar verðmiðann á fótboltanum.



**ÞORSTEINN J** Má vera meira í boltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Top Chef SKJÁREINN



▶ **20.20** Flipping Out STÖÐ 2



▶ **20.30** Special Unit STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50** Fæðingarheimilið (Private Practice) SJÓNVARPIÐ



▶ **00.25** Undankeppni HM Beint Brasilía - Argentína STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.23 Veður**
**18.25 EM 2008 - Upphitun**
**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Rússa og Svía. Leikur Grikkja og Spánverja er sýndur á RUV plús.
**20.45 Víkingalottó**
▶**20.50 Fæðingarheimilið** (Private Practice) (9:9) Addison Montgomery læknir heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu. Einkalíf þeirra er í molum en þeim gengur betur í starfi og Addison bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.
**21.35 Úr vöndu að ráða** (Miss Guided) (2:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.35 EM 2008 - Samantekt**
**23.05 Saga rokksins** (Seven Ages of Rock) (4:7) Bresk heimildaþáttaröð um sögu rokktónlistar frá því um 1960 og til nútímans. Í þessum þætti er fjallað um þungarokkið sem átti upptök sín í iðnaðarborgum Englands. Við sögu koma Black Sabbath, Deep Purple, Judas Priest, Iron Maiden og Metallica.
**23.55 EM í fótbolta 2008** Upptaka frá frá leik Grikkja og Spánverja.
**01.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Date Movie**
**08.00 The Sound of Music**
**10.50 Pokémon 5**
**12.00 I´m With Lucy**
**14.00 The Sound of Music**
**16.50 Pokémon 5** (Pokémon hetjur)
**18.00 I´m With Lucy**
**20.00 Date Movie**
**22.00 16 Blocks** Hasarmynd með Bruce Willis í aðalhlutverki. Lögreglumaður fær það verkefni að fylgja vitni úr varðhaldi í dómshúsið en það reynist erfitt verkefni.
**00.00 Spartan**
**02.00 Possible Worlds**
**04.00 16 Blocks**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Dexter´s Laboratory, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 ´Til Death**
**10.40 My Name Is Earl** (2:22)
**11.10 Homefront** (7:18) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters** (19:24)
**14.00 Grey´s Anatomy** (22:36)
**15.00 Friends** (18:24)
**15.25 Friends**
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Tracey McBean**
**17.18 Ruff´s Patch**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (3:22)
**19.55 Friends** (8:23)
▶**20.20 Flipping Out** (2:7) Raunveruleikaþættir sem fjalla um Jeff Lewis sem er sannur furðufugl; framapotari; fjárkúgari; fullkomnunarsinni; fegurðardýrkandi og algjör fantur.
**21.05 Cashmere Mafia** (1:7) Nýir þættir frá Darren Star um fjórar nánar vinkonur búa og starfa í New York.
**21.50 Medium** (11:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel.
**22.35 Oprah**
**23.20 Grey´s Anatomy** (23:36)
**00.05 Women´s Murder Club** (1:13)
**00.50 Moonlight** (3:16)
**01.35 Un long dimanche de fiancailles** Kvikmynd eftir Jean-Pierre Jeunet.
**03.45 The Sight**
**05.15 The Simpsons** (3:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**07.00 NBA 2007/2008 - Finals games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**16.40 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**17.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.05 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**19.05 NBA 2007/2008 - Finals games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
**21.05 Million Dollar Celebrity Poker** Að þessu sinni mæta stjörnurnar til leiks í póker og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.35 Meistaradeildin - Gullleikir** Juventus - Man. Utd. 21.4 1999. Nánast allt gekk upp hjá Rauðu djöflunum sem hrósuðu sigri á þremur stórmótum. Eftir jafntefli við Juventus á Old Trafford virtist draumurinn úti. Ítalska liðið byrjaði með látum í seinni leiknum og komst í 2-0. En þegar öll sund virtust vera lokuð steig Roy Keane fram og leiddi sína menn til sigurs.
▶**00.25 Undankeppni HM 2010** Bein útsending frá leik Brasilíu og Argentínu í undankeppni HM 2010.

## SPORT 2

**17.25 Bestu bikarmörkin** Enska bikarkeppnin á sér langa sögu. Mörg óvænt úrslit hafa litið dagsins ljós og glæsileg tilþrif og mörk hafa yljað knattspyrnuáhugamönnum. Í þessum þætti eru sýnd eftirminnileg mörk en af nógu er að taka.
**18.20 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.
**18.50 Bestu leikirnir** Wigan - Blackburn
**20.30 PL Classic Matches** Everton - Liverpool, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.
**21.30 10 Bestu - Rúnar Kristinsson** Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Rúnar Kristinsson og hans feril skoðaður.
**22.20 Bestu leikirnir** Wigan - Blackburn
**00.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.00 Vörutorg**
**16.00 Snocross** (e)
**16.30 Girlfriends** Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty**
**19.20 Jay Leno** (e)
▶**20.10 Top Chef** (6:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Gestadómari að þessu sinni er Ted Allen úr Queer Eye for the Straight Guy. Fyrra verkefnið sem kokkarnir fá að kljást við er að búa til ódýra en unaðslega eftirrétti. Síðan eiga kokkarnir að matreiða fyrir veislu í boði Teds Allen.
**21.00 Style Her Famous** (3:8) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur og kennir þeim að líta út og vera eins og stjörnurnar í Hollywood.
**21.25 Style Her Famous** (4:8)
**21.50 How to Look Good Naked** (5:8) Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska löguleg línurnar.
**22.20 Secret Diary of a Call Girl** (5:8) Bresk þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. Vinir og vandamenn halda að Hannah sé í virðulega starfi en kúnnarnir þekkja hana sem Belle de Jeur.
**22.50 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.40 Boston Legal** (e)
**00.30 Jekyll (e)**
**01.20 Girlfriends** (e)
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.



visir.is ...ég sá það á visir.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Cashmere Mafia



Þegar Darren Star leggur hönd á plóginn verður útkoman skotheldur þáttur fyrir stelpur og stráka. Fyrst voru það Beverly Hills og Melrose Place, svo Sex and the City og nú Cashmere Mafia. Fjórar nánar vinkonur búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið, fallegar, fjáðar og á ofsahraða á framabrautinni. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim og það allrækilega.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### EM í fótbolta BEINT

### Sjónvarpið kl. 18.45

Sjónvarpið sýnir í dag leik Rússa og Svía kl. 18.45 en á sama tíma verður hægt að sjá leik Grikkja og Spánverja á RÚV plús. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir leikinn en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 22.35. Leikur Grikkja og Spánverja verður sýndur aftur á Sjónvarpinu kl. 23.55.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Viltu syngja minn söng ?
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bravó, bravó !
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Tímakorn
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Svörtu sönggyðjurnar
**23.30** Loftbelgur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (13:22)
**17.30 Special Unit 2**
**18.15 Twenty Four 3** (4:24)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (13:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
▶ **20.30 Special Unit 2** (3:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**21.15 Twenty Four 3** (4:24) Palmer stendur frammi fyrir tveimur kostum, annars vegar að láta undan kröfum hryðjuverkamannanna eða að taka afleiðingum hótana þeirra. Jack leggur hins vegar þriðja möguleikann fyrir forsetann, sem er mjög áhættusamur. (e)
**22.00 Shark** (15:16) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**22.50 Traveler** (3:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera eltir af alríkislögreglunni og hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Gestir: Elly Ármanns, Erla S. Ragnarsdóttir og Dominika Majewska.
**21.00 Birkir Jón** Þáttur í umsjón Birkis Jóns Jónssonar alþingismanns. Gestur: Sigmar B. Hauksson formaður Skotvís.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Þorvaldur Þórsson hundraðtindahöfðingi.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Et godt kvarter **10.50** Vagn på floden **11.30** Til krobal med Mor Karen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** AMIGO **15.30** Kære Sebastian **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Hercule Poirot **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** De store bjørne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Møde med læge Göran Grip

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Festning Europa **10.40** Schrödingers katt **11.35** Sunt vett **12.20** Presidenten **13.00** Syklus **13.30** Creature Comforts: hvordan har vi det? **13.40** På solsiden **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Danske vidundere **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Kollektivet i Köping **17.55** Kaoskontroll **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Vikinglotto **19.40** Kriseteamet **20.30** Anthony og Josephine **21.00** Kveldsnytt **21.20** Colditz **22.55** Viten om **23.25** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Himlen över Danmark **10.35** Mitt i naturen **12.40** Glasskår **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Flyttlasset går **15.30** Fantastiska berättelser **16.00** Lilla röda traktorn **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Orangutangernas räddare **20.00** Big Love **20.55** Rapport **21.05** Sommartorpet **21.35** Packat & klart sommar **22.05** Baronessan **22.35** Sändningar från SVT24





VISA BIKARINN 2008

32 liða úrslit karla

Miðvikudag 18. júní

| | |
|---|---|
| 19:15 Víkingur R. – Grótta | Víkingsvöllur |
| 19:15 HK - ÍA | Kópavogsvöllur |
| 19:15 Víðir - Þróttur V. | Garðsvöllur |
| 19:15 ÍBV - Leiknir R. | Hásteinsvöllur |
| 19:15 Haukar - Berserkir | Ásvellir |
| 19:15 Grindavík - Höttur | Grindarvíkurvöllur |
| 19:15 Þróttur R. - Fylkir | Valbjarnarvöllur |
| 19:15 Reynir S. - Sindri | Sparisjóðsvöllurinn |

Fimmtudag 19. júní

| | |
|---|---|
| 19:15 Fjarðarbyggð – FH | Eskifjarðarvöllur |
| 19:15 Þór – Valur | Akureyrarvöllur |
| 19:15 Hamar - Selfoss | Grýluvöllur |
| 19:15 Fram - Hvöt | Laugardalsvöllur |
| 19:15 Fjölnir – KFS | Fjölnisvöllur |
| 18:00 Breiðablik - KA | Kópavogsvöllur |
| 19:15 Keflavík - Stjarnan | Sparisjóðsv. Keflavík |
| 19:15 KR - KB | KR-völlur |



VISA

VISA styður íslenska boltann

TOKUS

## GAMLA MYNDIN



*„Myndin er tekin rétt fyrir tónleika Ensímis á Gauki á Stöng, Kafbátamúsík var að koma út og tónleikar á hverju kvöldi. Brjáluð stemning!”*

Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi, píanókennari og rithöfundur.

Myndin var tekin í september 1998.



**LÁRÉTT**
**2.** feikn, **6.** slá, **8.** þrá, **9.** maðk, **11.** á fæti, **12.** fals, **14.** yfirstéttar, **16.** 2 eins, **17.** festing, **18.** drulla, **20.** hljóta, **21.** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smæl, **3.** kusk, **4.** kynlíf, **5.** skjön, **7.** aðgætinn, **10.** sigti, **13.** frostskemmd, 15. skömm, **16.** kóf, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** glás, **6.** rá, 8. ósk, **9.** orm, **11.** tá, **12.** svika, **14.** aðals, **16.** kk, **17.** lím, **18.** aur, **20.** fá, **21.** fróa.
**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** ló, **4.** ástalíf, **5.** ská, **7.** árvakur, **10.** mið, **13.** kal, **15.** smán, **16.** kaf, **19.** ró.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Fiskroð selt í hátísku

„Það er hægt að nota fiskroðið í stað leðurs í hvað sem er, svo sem úr, töskur og fylgihluti. Nike og Converse kaupa til dæmis af okkur fiskroð til að nota í skó,“ segir Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins



**NIKE-SKÓR ÚR FISKROÐI** Bæði Nike og Converse hafa verslað fiskroð við Atlantic Leather til að nota í skó.

Sjávarleður hf. á Sauðárkróki, sem gengur alla jafna undir nafninu Atlantic Leather hf.

„Við erum eina starfandi sútunarverksmiðjan á landinu í dag. Vinnsla og útflutningur á fiskroði er svona grundvallarstarfsemi fyrirtækisins, en við sútum líka gærur og skinn fyrir veiðimenn og verslanir. Við erum með roð af hlýra, lax og svokölluðum Nílarkarfa frá Úganda sem er upprunninn í Viktoríuvatni í Afríku,“ segir Gunnsteinn og útskýrir að sá síðastnefndi sé óvenjulega stór fiskur og bjóði því upp á fleiri möguleika.

„Níutíu prósent af fiskroðinu fara í útflutning og stærsti markaðurinn er í Frakklandi og Ítalíu. Við höfum selt fiskroð til hátískuframleiðenda á borð við Fendi, Kenzo, Prada, Dior og Louis Vuitton, en tvisvar sinnum á ári sýnum við á innkaupasýningum í París og Bologna á Ítalíu og árlega í Hong Kong,“ segir Gunnsteinn að lokum. **- ag**



**ATLANTIC LEATHER SELUR FISKROÐ UM ALLAN HEIM** Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Halldór Þorvaldsson fara oft á ári á innkaupasýningar í París, Ítalíu og Hong Kong.

ÓLI G. JÓHANNSSON: ERFITT AÐ VERA EKKI BRENNIMERKTUR REYKJAVÍK

# Selur málverk fyrir milljónir

„Þetta tók langan tíma. En nú get ég einbeitt mér að málverki og hestum,“ segir Óli G. Jóhannsson listmálari.

Óli er að slá í gegn á heimsvísu ef hann er þá ekki þegar búinn að því. Hann er á mála hjá einhverju stærsta Galleríi heims, Opera Galleri, og verk hans eru á sýningum um heim allan: New York, Singapore, London. Framkvæmdastjóri Opera í London, Jean David Malad, segir gengi Óla hafa verið frábært og eru bundnar miklar vonir við hann og verk hans. „Við höfum að undanförnu verið að selja verk eftir Johannsson til mjög mikilvægra málverkasafnara sem og safna. Hann er að gera stórkostlega hluti. Og við teljum að verk eftir Johannsson sé frábær fjárfestingarkostur því þau eiga eftir að margfaldast í verði,“ segir Malad í London.

En til London er Óli einmitt að halda nú í dag. Þar verður mikil sýning á verkum málara eins og Picasso, Chagall, Miro, Dali og Óla. Malad segir það stefnu Opera Galleri að blanda saman sýningum eldri meistara og nútímalist. Akrílverk eftir Óla hafa verið að seljast á 28 þúsund dollara sem leggur sig á rúmar tvær milljónir króna.

„Já, eins og þetta er í dag,“ segir Óli. „Ég var með sýningu í New York á dögunum og þá voru verk sem eru 1,45 x 1,45 að fara á þessu verði. Ég mála mest í þeirri stærð.“

Óli er Akureyringur þó hann telji sig til Húnvetninga. Allt sem að honum stendur er þaðan. „Já, það er snúið að vera Akureyringur í þessum bransa en ekki brennimerktur Reykjavík. Við upplifum okkur utangarðs hér fyrir norðan,“ segir Óli sem gefur þó lítið fyrir það – enda heimurinn allur undir. „Ég er með lífstíðarsamning við galleríið sem er með starfsemi út um allan heim. Ég er búinn að sýna hjá þeim tvær einkasýningar, í London og New York sem fengu feikna flug. Síðan hef ég verið með á samsýningum í Seol og Singapore en þá stilla þeir upp þessum gömlu dauðu og svo 3 til 4 lifandi. Síðan er það sýning í Monaco, þá til Dubai þar sem þeir eru að opna gallerí, svo til Genfar og þá Aþena. Þetta er svona það sem er í pípunum.“

Óli er sjálflærður í listinni og hefur lifað ævintýralegu lífi. Hann var sjómaður en fór í sjóinn á Barentshafi þar sem hann synti sér til lífs í 20 mínútur og fékk hjartaáfall vegna ofkælingar. „Dæmdist þá öryrki en er búinn að ná mér vel af því. Svo var ég blaðamaður á Vísi og á Degi en var látinn fara því ég var sá fyrsti sem skrifaði um brottkastið,“ segir Óli – 62 ára gamall sem er enginn aldur í dag. Einmitt aldurinn til að leggja heiminn að fótum sér. **jakob@frettabladid.is**



**ÓLI G. VIÐ ÞAÐ AÐ LEGGJA HEIMINN AÐ FÓTUM SÉR** Verk hans eru á sýningum um heim allan og seljast fyrir milljónir. Framkvæmdastjóri hjá Opera Gallerí í London bindur miklar vonir við Óla. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

RÚV+ ákvörðun Sjónvarpsins í tengslum við Evrópumótið í knattspyrnu hefur mælst vel fyrir og margir „anti“-sportistar telja sig nú loksins hafa fengið sönnur fyrir því að þarna sé kominn vísir að sérstakri íþróttarás. Enda löngu orðnir þreyttir á því að hefðbundinni dagskrá sé rutt úr vegi fyrir boltasjúka einstaklinga. Upphaflega stóð til að þessu bragði yrði einungis beitt í kringum leik Þýskalands og Póllands og landsleik Íslands og Makedóníu enda bar þá upp á sama tíma. En svo vel tókst þetta að fjórir leikir verða sýndir á plús-stöðinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur þó ekki til hjá **Þórhalli Gunnarssyni** og félögum í Efstaleiti að halda þessu áfram eftir að EM lýkur nema sérstakt tilefni gefist til.

Tilboð **Björgólfs Thors** og fyrirtækis hans Novators um að greiða fyrir björgun ísbjarnarins á Skagatá hefur vakið mikla athygli. Dýravernd þykir ákaflega góð til kynningar og fjölmargar stjörnur hafa lagt lóð sín á vogarskálarnar til að greiða fyrir björgun hinna og þessara dýrategunda. Björgólfur Thor gæti þarna verið að feta í fótspor Leanardos DiCaprio sem lét mynda sig með hinum heimsfræga ísbjarnarhúni Knút á Jökulsárlóni þótt sá síðarnefndi hafi reyndar verið „fótósjoppaður“ inn á mynd Vanity Fair.



Og deilur Símans og kaþólsku kirkjunnar hafa verið til lykta leiddar. Eins og Fréttablaðið greindi frá sagðist hafnfirskur kaþólikki hafa undir höndum undirskriftir fimm þúsund trúbræðra sinna sem allir mótmæltu auglýsingum **Jóns Gnarr** og hótuðu að rifta viðskiptum sínum við fyrirtækið. Heimildir Fréttablaðisins herma að yfirráð kaþólsku kirkjunnar hafi gripið í taumana enda munu undirskriftirnar ekki vera jafnmargar og látið var í veðri vaka. Hins vegar gætir nokkurar óánægju með þessar tvær herferðir Símans en aldrei stóð þó til að opinbera hana. **- fgg**



FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Glæný línuýsa, lax, lúða, skötuselurgellur, sigin grásleppa.

Úrval fiskrétta á grillið



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# Sannkallaðir gleðigjafar

„Við erum að sjá um alls konar partý og veislur við hin ýmsu tilefni auk þess sem við erum að elda í Íslandi í dag,“ segir Guðbergur Garðarsson, betur þekktur sem Beggi úr Hæðinni, en hann og eiginmaður hans Inácio Pacas da Silva Filho hafa haft í nógu að snúast eftir að þeir unnu Hæðina á Stöð 2 með miklum yfirburðum. Þegar blaðamaður náði tali af Begga voru þeir Pacas í óðaönn að skipuleggja óvænt partí.

„Við höfum verið beðnir að sjá um alls kyns uppákomur og erum þá með visst þema hverju sinni, hvort sem það er salsa-, kúreka-, sjóræningjaþema eða eitthvað allt annað. Við tökum alltaf mið af þeim sem veislan er fyrir og sköpum svo skemmtilegt þema út frá áru viðkomandi og karakter, en okkur finnst mikilvægt að hver veisla sé einstök út frá flæði hvers og eins. Við höfum líka gaman að því að nota náttúruna og í Íslandi í dag ætlum við til dæmis að elda ofan í jörðinni, fara á hestbak á Kiðafelli í Kjós og elda með álfunum í Eyrarkoti og sjá hvað þeir borða,“ segir Beggi og hlær, en þeir sem hafa áhuga á að fá Begga og Pacas til að sjá um hvers kyns veislu eða uppákomu er bent á að senda vefpóst á vikingur33@hotmail.com. **- ag**



**FLOTTIR Í TAUINU Í GÓÐRA VINA HÓPI** Beggi og Pacas hafa ekki einungis gott lag á að inrétta hús og híbýli heldur hafa þeir einnig getið sér gott orð fyrir hvers kyns veisluhald.




# hentugar hirslulausnir

## gerðu stofuna að þægilegum stað



**8.950,-**
**TRÄBY** hillueining. Askarspónn.
L80xB39, H80 cm.



**MARKÖR** sjónvarpsbekkur **24.950,-**
Dökkbrúnt. L138xB53, H72 cm.



**LACK** bókaskápur **9.990,-**
Svart. L105xB38, H190 cm.



**BILLY/BYOM** bókaskápur
m/hurðum **21.850,-**
Glærlakkaður eikarspónn/gler.
L80xB28, H202 cm.



**EXPEDIT** bókaskápur **7.950,-**
Hvítur. 149x39x79 cm.
Hægt að snúa lárétt eða lóðrétt.



**3.450,-**
**KILBY** bókaskápur. Birkiáferð.
L67xB24, H194 cm.



**LACK** sjónvarpsbekkur **4.990,-**
Hvítt. L149xB55, H35 cm.



**BILLY/BENNO** bókaskápur/geisladiskahirsla **29.880,-**
Birkispónn. B200xD17/28, H202 cm.



**MARKÖR** bókaskápur **29.950,-**
Dökkbrúnn. L156xB36, H192 cm.



**FRIEL** sjónvarpsbekkur **29.950,-**
Hvítt. L198xB55, H44 cm.

Virka daga kl. 10:00-20:00 | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## Krydd í kynlífið

Nokkuð lengi hefur verið móðins að kvarta undan tímaskorti. Þar er ég sjálf engin undantekning, byrja yfirleitt að væla yfir þessu hátt og í hljóði strax á morgnana. Er svo á kvöldin enn að dæsa yfir álaginu og þusa yfir öllu því sem ekki náðist að klára og læt stundum verða mitt síðasta verk að gera lista yfir verkefni morgundagsins. Sem svo næst auðvitað ekki að ljúka frekar en í gær.

**AF** einhverjum ástæðum hefur mér samt tekist í öllum þessum önnum að viða að mér óskaplegri þekkingu um fólk sem ég þekki ekki baun og hef yfirhöfuð lítinn áhuga á. Samt hef ég stundum mótað mér alls kyns skoðanir á þeim, finnst David fagur á meðan hann þegir og Victoria fullmjó og fullmeðvituð. Veit sirkabát hvar á hnettinum þau eiga heima, hvað þau eru að stússast, núverandi barnafjöld og áætlanir um fjölskyldustærð. Hvað hann gaf henni í afmælisgjöf síðast. Og hvers vegna. Hvað henni fannst um gjöfina. Hvað honum fannst um það sem henni fannst.

**MEST** veit ég þó um hitt ofurparið, hið svokallaða Brangelina. Nýjustu tíðindi eru þau að meðganga tvíburanna hefur ekki reynst þeim nokkur fjötur um fót heldur þvert á móti hefur óléttan hreinlega kryddað kynlífið hjá þeim. Þetta var eiginlega það eina sem mig vantaði að vita, allt hitt var komið.

**STUNDUM** hittist svo vel á að saman fara tímamót og tímamótauppgötvanir. Hinn 17. júní er einmitt tilvalið að fara yfir það sem af er árinu, gera upp málin, kætast yfir hinu góða og kasta því vonda. Svipað og á gamlárskvöld en með því að gera þetta tvisvar á ári verða uppgjörin viðráðanlegri og minni hætta á óþarfa dramatík. Í þetta sinn varð mælirinn af ruslfréttum fullur, einmitt með upplýsingunum um kynlífskryddið og óléttuna. Ef saman væri lagður tíminn sem fer í að sanka að sér bulli, slúðri og einskis verðum fróðleik um annað fólk, innbyrða nýjustu tíðindi af smæstu hreyfingum einhverra sem hvorki skipta mann máli né bæta nokkru við eigin hamingju – já, ef mínútan hér og mínútan þar væri lögð saman, fæst líklega klukkutíminn sem einatt vantar í sólarhringinn. Hann væri til dæmis hægt að nota í eitthvað skemmtilegt og uppbyggjandi; lesa eitthvað flókið, kitla börnin, lakka táneglurnar eða krydda kynlífið.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 18. júní, 171. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.56 | 13.29 | 0.03 |
| Akureyri | 3.32 | 13.12 | 0.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070